


FLE BLAÐIÐ

Janúar 2020



Félag löggiltra
endurskoðenda

1. tölublað
42. árgangur

**Gæðastimpill
að vera í FLE**

**Hver á þetta félag,
já eða nei!**

**Aðgerðir gegn
peningabætti**

Gæði íslenskra
ársreikninga

Skattlagning
tekna af höfundarétti

FYLGJT ÚR HLAÐI

Nú þegar nýr áratugur er að renna upp kemur FLE blaðið út í 42. sinn frá árinu 1978 og hefur aldrei verið betra. Ritnefndarfólk hefur herjað á samstarfsmenn sína og annað samferðafólk sem hafa skilað af sér góðum greinum þrátt fyrir rysjóttu veðráttu og flensuskot og að auki hafa ritnefndarmeðlimir lagt hönd á plóginn með greinaskrif.

Nýja blaðið er eins og fyrri blöð fullt af athyglisverðum og skemmtilegum greinum. Fyrst má nefna áhugaverðar greinar annars vegar um raunverulega eigendur og hins vegar um peningaþvætti og hvað endurskoðendur þurfa að gera því sambandi. Bæði þessi efni ættu að vekja athygli endurskoðenda þar sem þau koma inn á störf margra þeirra auk þess sem þau hafa mikinn snertiflöt við atvinnulífið. Önnur áhugaverð grein er rannsókn á gæðum íslenskra ársreikninga þar sem skoðað er fylgni óskráðra félaga við íslensk ársreikningalög. Einnig má nefna ítarleg grein um skattlagningu tekna af höfundarréttindum og aðra grein um eftirlit, hlutverk og valdheimildir ársreikningaskrár. Svo er í blaðinu tímamótagrein um það hvernig endurskoðunarfyrirtæki geta sem best

tileinkað sér heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna svo kölluð SDG markmið (Sustainable development goals). Að lokum er frásögn eins félagsmanns af deilu hans við endurskoðunarráð um gildi alþjóðlegra endurskoðunarstaðla á Íslandi. Starfsemi FLE á árinu fær sína hefðbundnu umfjöllun og þar á meðal er viðtal við nýjan formann FLE sem ber heitið að það sé gæðastimpill að vera í Félagi löggiltra endurskoðenda. FLE blaðið kemur alltaf út með hækkandi sól og má í því sambandi nefna að dagsbirtan hefur aukist um rúma eina klukkustund frá jólum fram að miðjum janúar og erum við því örugg um að efni FLE blaðsins hafi sömu áhrif á lesendur og aukin dagsbirta. Að lokum viljum við þakka greinarhöfundum fyrir góðar greinar. Það er aldrei ofsagt og virkilega þakkarvert að hafa aðgang að góðu fólki sem er tilbúið til að nota frítíma sinn til að skrifa góðar greinar í blaðið.

Janúar 2020

Benóní Torfi Eggertsson, Ágústa Katrín
Guðmundsdóttir, Herbert Baldursson og
Kjartan Arnfinnsson

ÚTG: FÉLAG LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA ©

Aðsendar greinar í blaðinu eru á ábyrgð höfunda en að öðru leyti er útgáfa blaðsins á ábyrgð ritnefndar FLE. FLE blaðið má ekki afrita með neinum hætti, að hluta til eða í heild, þar með talið tölvutækt form, án skriflegs leyfis höfundarrétthafa.

VINNSLA BLAÐSINS

RITNEFND FLE:

Benóní Torfi Eggertsson, formaður,
Ágústa Katrín Guðmundsdóttir,
Herbert Baldursson
Kjartan Arnfinnsson

Prentun: Guðjón Ó

Umsjón: Hrafnhildur Hreinsdóttir
Janúar 2020, 42. árgangur 1. tölublað



SKRIFSTOFA FLE, HELSTU UPPLÝSINGAR

Skrifstofa FLE, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík, er opin virka daga kl. 9-15

Sími: 568 8118, Tölvupóstfang: fle@fle.is, Vefsíða FLE: www.fle.is

Sigurður B. Arnþórsson, framkvæmdastjóri sigurdur@fle.is

Hrafnhildur Hreinsdóttir, skrifstofustjóri fle@fle.is

EFNI BLAÐSINS

Gæðastimpill að vera í FLE	4
Hver á þetta félag, já eða nei!	7
Skipan stjórnar og fastanefnda FLE starfsárið 2019 - 2020.....	9
Aðgerðir gegn peningaþvætti	10
Skattlagning tekna af höfundarréttindum.....	12
Eftirlit, hlutverk og valdheimildir ársreikningaskrár	16
Gildi alþjóðlegra endurskoðunarstaðla á Íslandi	19
Það helsta í starfsemi FLE.....	22
Nýir löggiltir endurskoðendur	25
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	26
Rannsókn á gæðum íslenskra ársreikninga	31
Til hamingju með afmælið - árið 2020	34



Ritnefnd FLE. Frá vinstri: Benóní, Ágústa, Kjartan og Herbert.





Ég held að það verði vaxandi þörf fyrir staðfestingar annarra upplýsinga en hefðbundinna reikningsskila, svo sem ýmissa ófjárhagslegra upplýsinga og mögulega einnig samtímaupplýsinga

GÆÐASTIMPILL AÐ VERA Í FLE

Viðtal við Bryndísi Björk Guðjónsdóttur nýja formann FLE

PERSÓNAN BRYNDÍS

Hvaðan ertu og hverra manna ertu?

Ég er ættuð frá Ísafirði en alin upp á Skagaströnd. Faðir minn var Guðjón Ebbi Sigtryggsson skipstjóri og móðir mín Halldóra Þorláksdóttir húsmóðir. Þau eru frá Ísafirði en fluttu til Skagastrandar árið 1970 þar sem ég ólst upp. Ég er hluti af sjómannaþjófsskyldu enda snérist allt um sjóinn á mínum uppvaxtartíma í sjávarplássi. Pabbi minn var alltaf á sjónum, á togara og bræður mínir fóru á sjóinn.

Sjálf fór ég á sjóinn einn túr þegar ég var 17 ára, sem kokkur á Örvari. Annars vann ég í fiskvinnslu unglingsárin á sumrin og með skóla. Þá var það þannig að ef það vantaði fólk, í fiskvinnslu eða jafnvel útskipun á fiski, þá var farið í elstu bekkina í grunnskólanum og gefið frí til að bjarga verðmætum. Mesta erfiðisvinna sem ég hef lent í var einmitt að vera kölluð í útskipun, það reyndi á.

Hvernig var að alast upp á Skagaströnd?

Það var gott og áhyggjulaust líf í sjávarþorpinu. Þetta var 600 – 700 manna þorp þegar ég var að alast upp og mikið af krökkum. Skagaströnd var dæmigert sjávarþorp, eitt fyrirtæki sem allir unnu hjá.

Í hvaða skólum varstu?

Ég var í grunnskólanum á Skagaströnd, síðan var ég eitt ár í Versló og svo í Fjölbautarskólanum á Sauðárkróki. Ég fór í Tækniháskólann og lærði iðnrekstrarfræði, seinna tók ég meistaranám í reikningshaldi og endurskoðun í Háskólanum í Reykjavík og að lokum löggildingarpróf í endurskoðun.

Hvernig er starfsferillinn?

Eins og gengur þá vann ég í fiski, sjoppu og búð sem unglingur. Svo hef ég verið í ýmsum störfum, var meðal annars bókarí hjá sveitarfélaginu Skagaströnd, framkvæmdastjóri skóverksmiðju, ég rak gistiheimili í eitt ár með vinkonu minni og var framkvæmdastjóri Héraðsnefndar Austur Húnavetninga (sem er samstarfsvettvangur sveitarfélaganna í A-Hún.). Einnig rak ég bókhaldsstofu áður en ég byrjaði hjá PwC, þar sem ég hef starfað síðan 2005.

Óvenjulegasti starfsvettvanginn var samt að ég kenndi erobík á Skagaströnd í nokkur ár með vinkonu minni. Þetta var vinsælt enda kom stór hluti kvenna í bænum á námskeið hjá okkur. Í litlum þorpum er það oft þannig að ef þú vilt að eitthvað sé gert, þá þarftu sjálfur að koma því til leiðar. Þetta var mjög skemmtilegt og var félagslega mjög jákvæð upplifun.



Hlustað af athygli.

Hvar hefur þú búið?

Ég bjó á Ísafirði þegar ég var smábarn, á Skagaströnd, í Reykjavík og eitt ár í Bordeaux í Frakklandi. Frakkland var mjög ljúft, þar lærði ég ýmislegt um kosti og galla þess að búa á Íslandi. Ég tel það gott að búa á Íslandi þrátt fyrir veðrið, en þó er hraðinn of mikill. Bordeaux er stærri borg en Reykjavík en þar gengur margt hægar en á Íslandi. Takturinn er rólegur, ekki þessi asi eins og er á Íslandi, þar spjallar til dæmis ókunnugt fólk saman í röðinni í búðinni. Ég held að Frakkar séu kannski flinkari en við Íslendingar í að lifa í núinu. En samt er afar margt gott við að búa á Íslandi, en manni hættir til að sjá frekar gallana en kostina í amstri dagsins.

Eiginmaður og börn?

Eiginmaður minn er Gunnar Þór Gunnarsson, hann rekur Aurora Seafood ehf. sem er útgerð og vinnsla. Við eigum tvær dætur, Tinnu Björk sem er lögmaður og Kötlu Björk sem er eins og stendur að læra frönsku í Lyon í Frakklandi.

Hvað gerir þú utan vinnunnar?

Ég geri þetta hefðbundna, ver tíma með fjölskyldu og vinum, elda góðan mat, finnst gott að lesa og vera í rólegheitunum. Og svo eru ferðalög í miklu uppáhaldi.

ENDURSKOÐANDINN BRYNDÍS

Bryndís útskrifaðist sem löggiltur endurskoðandi árið 2011, af hverju fórstu í löggildinguna?

Ég vildi öðlast þessi réttindi eftir að hafa unnið í faginu í fjöldamörg ár. Þetta var mikilvægt fyrir mig en það hangir margt fleira á spýttunni. Löggildingin er viðurkenning á yfirgripsmikilli þekkingu á reikningsskilum, skattalögum og félagaréttartengdum lögum og svo auðvitað endurskoðun. Ég held að löggildingin opni dyr og auki starfsmöguleika fólks, bæði innan og utan fagsins.

Hvað er skemmtilegast við endurskoðunina?

Fjölbreytnin, að fá tækifæri til að kynnast margbreytilegum fyrirtækjum og rekstri þeirra. Einnig finnst mér starfið fela í sér stanslausan lærdóm og það tryggir að maður festist ekki í sama farinu. Ekki síður finnst mér skemmtilegt að starfa með fólki þar sem hægt er að ræða og velta fyrir sér faglegum málefnum á jafningjagrunni. Þegar ég var yngri þá langaði mig einmitt að vinna einhvers staðar þar sem ynni fleira fólk með sömu þekkingu og ég, þar sem fólk ynni saman að lausn verkefna og því að leita leiða til að þróa hlutina áfram. Á þeim tíma hafði ég ekki mótaðar skoðanir á hvað það gæti mögulega verið, en fann það þegar ég byrjaði hjá PwC að það var vettvangur sem hentaði mér og mér líkaði andrúmsloftið.

En hvað er svo leiðinlegast við endurskoðunina?

Ég held að það sé tímapressan, sem getur stundum verið ansi mikil og álagið sem því fylgir.

FORMAÐURINN BRYNDÍS

Áhrif nýrra laga um endurskoðendur á félagið?

Eitt af þeim atriðum sem breyttust með nýjum lögum um endurskoðendur var afnám skylduáðildar að FLE. Ég held að brottfall skylduáðildarinnar komi til með að breyta félaginu að einhverju leyti, en að ekki sé augljóst að það gerist strax á upphafsmánuðum ársins 2020. Stjórn félagsins hefur verið að undirbúa þessar breytingar og meðal annars hefur vinnuhópur verið að störfum sem tók saman hvað félagið hefur verið að gera og kom með hugmyndir að því hver væru skynsamleg næstu skref.

Ég tel ekki líklegt að veruleg breyting verði á helstu verkefnum eða starfsemi félagsins frá því sem nú er. En þó verður skerpt á hlutverki félagsins sem hagsmunafélags, aðalmálið er að þjónusta félagsins þróist í takt við hagsmuni og þarfir





Veðið í Klón Bryndís.



Fjallakona og ferðalangur.

félagsmanna. Félagið verður 85 ára á þessu ári en skylduaðildin að því hefur bara verið í 11 ár og ég tel það hagsmuni allra að það sé til hagsmunafélag endurskoðenda. En það eru félagsmenn sem þurfa að móta félagið og að það er stjórnarinnar að þjónusta félagsmenn. Ég tel að félagið sé mikilvægt í hagsmunagæslu fyrir félagsmenn og til að hafa áhrif til góðs á þá umgjörð endurskoðunar, reikningsskila og skattamála sem fyrirtæki og einstaklingar búa við og við vinnum eftir.

En ég tel einnig að innra starf félagsins og félagsmanna sé mjög mikilvægt. Hlutverk félagsins er ekki síst að stuðla að faglegum og siðferðislegum gildum innan stéttarinnar. Þá er félagið vettvangur félagslegra og faglegra samskipta meðal félagsmanna, til dæmis með því að halda ýmsa viðburði og ráðstefnur. Einnig hefur félagið það hlutverk að stuðla að jákvæðri ímynd og trúverðugleika stéttarinnar. Ég tel að það eigi að vera gæðastimpill að vera aðili að Félagi löggiltra endurskoðenda.

Einnig tel ég að erlent samstarf sé mikilvægt, Ísland er hluti af hringiðu heimsins og erlend samskipti eru sífellt að verða mikilvægari fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki. Þó við séum lítil höfum við rödd í alþjóðasamfélaginu og mitt mat er að við eigum að nýta okkur það.

Hvað sérðu framundan hjá endurskoðendum?

Fyrir endurskoðendastéttina er mikilvægt að vera vakandi fyrir þörfum markaðsins og hafa frumkvæði að jákvæðum breytingum. Ég held að það verði vaxandi þörf fyrir staðfestingar annarra upplýsinga en hefðbundinna reikningsskila, svo sem ýmissa ófjárhagslegra upplýsinga og mögulega einnig samtímaupplýsinga. Ég tel að endurskoðendur séu best til þess fallnir að vinna slík verkefni fyrir markaðinn, þeir hafa þekkingu á staðfestingavinnu og hafa alþjóðlega staðla um slíka vinnu til að styðjast

við og vinna eftir. Jafnframt eru endurskoðendur undir reglubundnu opinberu eftirliti með störfum sínum ásamt því að endurmenntunarkröfur eru gerðar á endurskoðendur. Mér er ekki kunnugt um að aðrar stéttir séu undir slíkum kröfum.

Ég er einnig á þeirri skoðun að ný tækni muni hafa áhrif á vinnu endurskoðenda. Með þeim breytingum sem eru að verða vegna þróunar í upplýsingatækni þurfa endurskoðendur að einhverju leyti að hafa annan bakgrunn en núna. Mikilvægt sé að taka upplýsingatækni meira inn í menntun endurskoðenda og einnig þurfa endurskoðunarfyrirtæki að fá til sín sérþekkingu tryggingarstærðfræðinga, verkfræðinga, tölvunarfræðinga og fleiri fagstétta í meira mæli en nú er.

Lokaorðin

Ég tel að sé mikilvægt að halda góðum samskipum við alla aðila sem tengjast störfum endurskoðenda, þar með talið hið opinbera, varðandi lagasetningar um endurskoðendur og störf þeirra en ekki síður við aðila markaðarins. Með því verða tryggð opin og heiðarleg samskipti með það sameiginlega markmið okkar allra að tryggja réttmæti og áreiðanleika upplýsinga fyrir markaðinn.

Viðtal Herbert Baldursson



Til grundvallar raunverulegu eignarhaldi getur því verið beinn eignarhlutur, óbeinn eignarhlutur, aukið atkvæðavægi á grundvelli samninga eða yfirráð með öðrum hætti, sama í hvaða formi þau yfirráð koma

HVER Á ÞETTA FÉLAG, JÁ EÐA NEI!

Þórdís Bjarnadóttir lögfræðingur hjá skatta- og lögfræðiráðgjöf Deloitte

LÖG NR. 82/2019 UM SKRÁNINGU RAUNVERULEGRA EIGENDA

Ákall um aukið gagnsæi í viðskiptum og krafa um upplýst eignarhald hefur verið áberandi á síðustu árum. Aukist hefur verulega samstarf skattyfirvalda milli landa í takt við skuldbindingar stjórnvalda vegna samninga um upplýsingaskipti á sviði skattamála, byggt á samningum OECD og Evrópuráðsins um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð í skattamálum. Markmiðið er að auka gagnsæi og sporna við skattaundanskotum og er m.a. gerð krafa um að skattyfirvöld geti skipst á upplýsingum um hverjir séu raunverulegir eigendur eigna og fjármagns.

Innleiðing reglna um skráningu raunverulegra eigenda, með lögum nr. 82/2019, kom því ekki á óvart. Það er þó margt í þeirri heildarumgjörð sem lögin eru hluti af sem mætti gagnrýna, hvort sem er lítið er til veru Íslands á hinum svokallaða „gráa lista“ alþjóðlegs vinnuhóps um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, (e. Financial Action Task Force, FATF) eða skýrleika laganna þegar kemur að framkvæmd. Með lögunum voru innleidd ákvæði 30. og 31. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningabættis eða til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi. Með því var m.a. brugðist við athugasemdum fyrrgreinds FATF hóps um aðgerðir hér á landi. Samhliða innleiðingu þessara laga, voru innleiddir aðrir lagabálkar eða breytingar á lagabálkum, þ.m.t. ný lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018, til að tryggja fullnægjandi aðgerðir hér á landi og eftirfylgni með fyrrgreindum skuldbindingum Íslands.

SKRÁNINGASKYLDIR AÐILAR OG RAUNVERULEGIR EIGENDUR ÞEIRRA

Þannig tóku lög nr. 82/2019 um skráningu raunverulegra eigenda gildi í júlí 2019 og eru þau hluti af aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Lögin hafa áhrif á þá lögaðila sem stunda atvinnurekstur hér á landi eða eru skráðir í fyrirtækjaskrá, þó að undanskildum stofnunum og fyrirtækjum í eigu ríkis og sveitarfélaga og lögaðilum sem eru skráðir á skipulegum markaði skv. skilgreiningu laga um kauphallir. Lögin hafa því afskaplega víðtæk áhrif og snerta stærstan hluta lögaðila á Íslandi.

Til frekari skýringar á því hverjir falla undir lögin þarf að líta til ákvæðis laga um fyrirtækjaskrá, en eins og fyrr sagði nær gildissvið skráningarskyldu til þeirra sem skuli skráðir í fyrirtækjaskrá. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003, skal fyrirtækjaskrá geyma upplýsingar um aðila sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, félög, samtök og aðila sem hafa með höndum eignaumsýslu, eru skattskyldir eða bera aðrar skattalegar skyldur, erlenda fjárvörslusjóði og sambærilega aðila, ásamt annarri starfsemi sem ríkisskattstjóri sér ástæðu til að skrá í fyrirtækjaskrá. Hér er undanskilið í upptalningunni þeir sem eru nú þegar undanskildir skráningarskyldu vegna raunverulegra eigenda, samanber framangreint.

Skráningarskyldan leiðir því til þess að skrá þarf raunverulegt eignarhald þeirra aðila sem undir gildissviðið falla. Eins og gefur að skilja er um allar mögulegar myndir af eignarhaldi að ræða, en skilgreining á raunverulegum eigenda er samkvæmt lögum



um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, „einstaklingur, einn eða fleiri, sem í raun á starfsemi eða stýrir þeim viðskiptamanni, lögaðila eða einstaklingi, í hvers nafni viðskipta eða starfsemi er stunduð eða framkvæmd“. Til raunverulegra eigenda teljast þeir:

- einstaklingar sem í raun eiga eða stjórna lögaðila í gegnum beina eða óbeina eignaraðild að meira en 25% hlut; eða
- ráða meira en 25% atkvæðisréttar með beinum eða óbeinum hætti; eða
- teljast á annan hátt hafa yfirráð.

Til grundvallar raunverulegu eignarhaldi getur því verið beinn eignarhlutur, óbeinn eignarhlutur, aukið atkvæðavægi á grundvelli samninga eða yfirráð með öðrum hætti, sama í hvaða formi þau yfirráð koma. Það getur því þurft að rýna hvert tilvik fyrir sig til að meta hverjir teljast vera raunverulegir eigendur, sé málið ekki svo einfalt að hann Páll Pálsson á vélaverkstæði Páls, sé eini eigandi, stofnandi og framkvæmdastjóri.

Dreift eignarhald er um að ræða, og ekki unnt að tilgreina raunverulegan eiganda samkvæmt framangreindu, þegar ekki er hægt að rekja eignarhald beint eða óbeint, til aðila með meira en 25% eignarhlut eða atkvæðavægi. Þegar um dreift eignarhald er að ræða, skal sá eða þeir sem stjórna starfsemi lögaðila teljast raunverulegir eigendur. Ekki hafa verið gefnar út leiðbeiningar um hverjir teljast stjórna starfsemi í slíkum tilvikum, en með vísan í lög um hlutafélög og einkahlutafélög, ætti í flestum tilvikum að vera óhætt að vísa til stjórnar félags. Þó ber þess að geta að mat þarf að leggja á hvert tilvik fyrir sig, þ.e. hvort annar aðili fari með raunverulega stjórnun lögaðila en stjórn þess.

HVENÆR OG HVAÐ SKAL SKRÁ?

Lögaðilum á Íslandi er þannig gert skylt að skrá raunverulegt eignarhald hjá fyrirtækjaskrá RSK. Frá og með ágúst 2019 skulu allir nýskráðir lögaðilar sem undir framangreinda skráningarskyldu falla, hafa skráð raunverulega eigendur við skráningu. En þegar skráðir lögaðilar, hafa frest til 1. mars 2020 til að ganga frá slíkri skráningu. Sérstaka athygli ber að vekja á síðari frestinum, en við setningu laganna var gert ráð fyrir að þeir lögaðilar sem voru þegar skráðir, hefðu til 1. júní 2020 til að skrá raunverulegt eignarhald. Þessi frestur var snarlega styttnur til 1. mars 2020 undir lok árs 2019, með frekar þunnum skýringum.

Þeir lögaðilar sem falla undir skráningarskyldu og eru ekki nýskráðir frá ágúst 2019, hafa því til 1. mars 2020 til að skrá raunverulegt eignarhald hjá fyrirtækjaskrá. Um nokkuð stuttan frest er að ræða og þá sérstaklega þegar litið er til umfangs skráningar og fjölda lögaðila sem undir gildissvið laganna fellur. Óljóst er hvernig fyrirtækjaskrá er í stakk búin til að vinna úr þeirri flóðbylgju skráninga sem vænta má að berist nú á fyrstu vikum ársins.

Þessu til viðbótar skal tilkynna um allar breytingar á eignarhaldi eða skráðum upplýsingum innan tveggja vikna. Þetta felur í sér að allar breytingar sem eru gerðar á eignarhaldi og snerta raunverulega eigendur eða breytingar á stjórn eða stjórnanda sé um dreift eignarhald að ræða, skal skrá hjá fyrirtækjaskrá innan tveggja vikna frá breytingu. Rétt er þó að vekja athygli á því að frestur til að tilkynna um breytingar á stjórn og aðrar breytingar hjá fyrirtækjaskrá er almennt mánuður frá því ákvörðun er tekin, er því um helmingi styttri frest að ræða vegna breytinga á raunverulegum eigendum en almennt vegna tilkynninga til fyrirtækjaskrár.

Með tilkynningu til fyrirtækjaskrár skal veita upplýsingar um raunverulega eigendur og skulu upplýsingar m.a. ná til nafns, lögheimilis, kennitölu, ríkisfangs og eignarhluta, auk gagna sem styðja við framangreindar upplýsingar. Nokkur vafi hefur leikið á um hvað geti talist gögn sem styðja við framangreindar upplýsingar og ekki eru skýrar verklagsreglur til að fylgja eftir enn sem komið er. Hingað til hefur t.d. verið hægt að styðjast við undirritaðar hlutaskrár eða undirritaða ársreikninga sem bera með sér upplýsingar um eignarhald.

ÁBYRGÐ Á SKRÁNINGU

Þá er ástæða til að vísa til þess að skráning um raunverulegt eignarhald er á ábyrgð viðkomandi lögaðila. Það felur í sér að hver og einn lögaðila skal hafa eftirlit með því hverjir teljast vera raunverulegir eigendur hverju sinni og skrá breytingar innan tveggja vikna. Í ansi mörgum tilfellum skapar þetta ekkert sérstakt vandamál, þar sem t.d. um er að ræða lítið fyrirtæki í eignarhaldi fárra tengdra aðila eins og fyrrgreint vélaverkstæði Páls. Hins vegar vandast málin aðeins í þessari kvöð þegar litið er til félaga sem er undir flóknu eignarhaldi og jafnvel eignarhaldi erlendra aðila í gegnum eignarhaldsfélög. Möguleikar skráningarskyldra lögaðila hér á landi til að fylgja breytingum á eignarhaldi eftir sem rekja má í gegnum eignarhaldsfélög og yfir landamæri, geta verið takmarkaðir. En á þeim hvílir samt sem áður skyldan og lúta þeir því viðurlögunum. Þau viðurlög eru ansi víðtæk og þung, svo að ekki er rétt að byrja nýtt ár á slíkum neikvæðum nótum, en vísa til viðurlagakafla laganna.

ÁBYRGÐ ANNARRA AÐILA

Í ljósi þess vettvangs sem þessi pistill er ritaður fyrir, er rétt að fjalla stuttlega um aðkomu annarra aðila að skráningu raunverulegra eigenda. Samkvæmt lögum skulu tilkynningarskyldir aðilar og eftirlitsaðilar samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka innan tveggja vikna tilkynna ríkisskattstjóra verði þeir í störfum sínum varir við misræmi milli upplýsinga um raunverulega eigendur í fyrirtækjaskrá og upplýsinga sem þeir búa yfir. Meðal tilkynningarskyldra aðila eru t.d. endurskoðendur og lögmenn. Hér er um skyldu til að leggja sjálfstætt mat á gildi upplýsinga að ræða. Ekki bara verði þeir varir við misræmi, heldur er gengið lengra í greinargerð með þessu ákvæði og beint talað um

að meta skuli með sjálfstæðum hætti hvort upplýsingar um raunverulegan eiganda séu réttar og fullnægjandi. Þurfa því þeir endurskoðendur og aðrir áhugasamir sem komust svona langt í lestri á þessum pistli að hafa að leiðarljósi þessa skyldu sína í vinnu komandi vikna, mánaða og ára.

Eðli máls hefur lítil reynsla komist á lögin enn sem komið er, enda tóku þau aðeins gildi um mitt ár 2019. Auk þess sem lögin fela í sér fyrrgreinda frestun á framkvæmd til 1. mars 2020. Hafa skal þó hugfast að ansi stutt er í 1. mars og huga þarf að mörgu áður en sá dagur rennur upp.

Þórdís Bjarnadóttir

SKIPAN STJÓRNAR OG FASTANEFNDA FLE STARFSÁRIÐ 2019 - 2020



Félagsstjórn FLE frá vinstri: Bryndís Björk Guðjónsdóttir formaður, Páll Grétar Steingrímsson varaformaður, Anna Kristín Traustadóttir, Arnar Már Jóhannesson og Hlynur Sigurðsson

Álitsnefnd FLE: Bryndís Björk Guðjónsdóttir formaður, Páll Grétar Steingrímsson varaformaður, H. Ágúst Jóhannesson, Margrét Pétursdóttir, J. Sturla Jónsson og Margret Flóvenz, varamaður

Endurskoðunarnefnd FLE: Kristín Sveinsdóttir formaður, Fannar Ottó Viktorsson, Aðalheiður Sigbergisdóttir og Sara Henný H. Arnbjörnsdóttir.

Gæðanefnd FLE: Magnús Mar Vignisson formaður, Dána Hilmarsdóttir, Ragnar Sigurmundsson og Ísak Gunnarsson

Menntunarnefnd FLE: Pétur Hansson formaður, Björn Óli Guðmundsson, Arna G. Tryggvadóttir, Gunnar Þór Tómasson.

Reikningsskilanefnd FLE: Atli Þór Jóhannsson formaður, Sigurjón Arnarson, Gunnar Snorri Þorvarðarson og Helgi Einar Karlsson.

Skattanefnd FLE: Anna María Ingvarsdóttir formaður, Ágúst Kristinsson, Heiðar Þór Karlsson og Kjartan Arnfinnsson.





Ekki er að finna nákvæmar leiðbeiningar í lögnum um hvernig áhættumat tilkynningarskyldra aðila skal líta út

AÐGERÐIR GEGN PENINGAÞVÆTTI

LÖG UM AÐGERÐIR GEGN PENINGAÞVÆTTI OG FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA NR. 140/2018

Kjartan Arngrímsson, endurskoðandi hjá Invicta

Það hefur varla farið fram hjá félagsmönnum að lög um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka tóku nýverið gildi. Með þeim er þeim aðilum, sem stunda starfsemi sem mögulega getur verið misnotuð til peningaþvættis eða fjármögnunar hryðjuverka, gert skylt að þekkja deili á viðskiptavinum sínum og starfsemi þeirra sem og að tilkynna til yfirvalda ef grunur vaknar um slíka ólögmda starfsemi. Hér er ætlunin að tæpa aðeins á því hvað þessi nýju lög þýða fyrir endurskoðendur.

Í lögnum falla endurskoðendur undir tilkynningarskylda aðila. Skyldum endurskoðenda samkvæmt nýju lögnum er hér skipt í fernt:

- a. Skylda til að gera áhættumat á rekstri sínum
- b. Skylda til að framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptamönnum
- c. Tilkynningarskylda til yfirvalda
- d. Aðrar skyldur

ÁHÆTTUMAT

Í lögnum er fjallað um tvenns konar áhættumat; annars vegar áhættumat ríkislögreglustjóra (skv. 4. grein laganna) og hins vegar áhættumat sem hver og einn eftirlitsskyldur aðili skal framkvæma (skv. 5. grein laganna). Eftirlitsskyldir aðilar skulu hafa áhættumat ríkislögreglustjóra til hliðsjónar er þeir gera sitt áhættumat. Áhættuflokkar samkvæmt mati ríkislögreglustjóra eru fjórir: 1) lítil áhætta, 2) miðlungs áhætta, 3) verulega áhætta og 4) mikil áhætta. Samkvæmt mati ríkislögreglustjóra fellur starfsemi endurskoðenda í 3. flokkinn (verulega áhætta). Ekki er að finna nákvæmar leiðbeiningar í lögnum um hvernig áhættumat tilkynningarskyldra aðila skal líta út en hér er reynt að lista upp það helsta sem áhættumatið þarf að innihalda:

1. Áhættumat skal vera skriflegt.
2. Matið skal innihalda greiningu og mat á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
3. Áhættumat skal taka mið af áhættuþáttum sem tengjast viðskiptamönnum, viðskiptalöndum eða svæðum, vörum, þjónustu, viðskiptum, tækni og dreifileiðum.



4. Áhættumat skal taka mið af áhættumati ríkislögreglustjóra skv. 4. grein laganna.
5. Matið skal uppfært á minnst tveggja ára fresti.
6. Til staðar skulu vera stefna, stýringar og verkferlar, samþykktir af yfirstjórn, til að draga úr og stýra áhættu varðandi peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Að lágmarki skulu slíkir ferlar innifela:
 - a. ákvæði um þróun og uppfærslu stefnu, stýringa og verkferla, þ.m.t. aðferðir við mildun áhættu, áreiðanleikakönnun, tilkynningar um grunsamleg viðskipti, innra eftirlit og tilnefningu ábyrgðarmanns, að teknu tilliti til stærðar og eðlis fyrirtækisins og könnun á hæfi starfsmanna og
 - b. eftir því sem við á og að teknu tilliti til stærðar og eðlis starfseminnar, kröfu um sjálfstæða endurskoðunardeild eða sjálfstæða úttektaraðila til að framkvæma úttekt á og prófa innri stefnu, eftirlit og málsmeðferð sem um getur í a-lið.

ÁREIÐANLEIKAKÖNNUN

Í 8. grein laganna eru talin upp tilvik þar sem áreiðanleikakönnun skal framkvæmd og í 10. grein er fjallað um hvernig staðið skal að henni. Framkvæma skal áreiðanleikakönnun við upphaf viðskiptasambands. Sennilega er það við þær aðstæður sem oftast kemur til áreiðanleikakönnunar hjá endurskoðendum. Gera skal kröfu um að viðskiptavinur sanni á sér deili með framvísun viðurkenndra persónuskilríkja og lögaðilar með upplýsingum úr opinberum skráum eins og fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra. Önnur tilvik þar sem framkvæma skal áreiðanleikakönnun eru talin upp í 8. greininni og vísast hér til hennar.

TILKYNNINGARSKYLDA

Um tilkynningarskyldu er fjallað í 21. grein laganna þar sem segir að tilkynningarskyldir aðilar, starfsmenn þeirra og stjórnendur skulu tímanlega tilkynna skrifstofu fjármálagreininga lögreglu um grunsamleg viðskipti og fjármuni sem grunur leikur á að rekja meg til refsiverðrar háttsemi. Tilkynna skal um grunsamleg viðskipti til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu.

Í 24. grein laganna segir að tilkynningarskyldur aðili eða starfsmaður hans teljist ekki hafa brotið trúnað gagnvart viðskiptavini með því að veita slíkar upplýsingar í góðri trú. Ákvæðið gengur þannig fram á ákvæðum annarra laga varðandi þagnarskyldu eins og trúnaðarákvæðum laga um endurskoðendur.

AÐRAR SKYLDUR

Endurskoðendur bera ábyrgð á að starfsmenn þeirra hljóti sérstaka þjálfun í aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og öðlist viðeigandi þekkingu á ákvæðum þessara laga og reglugerðum og reglum sem settar eru á grundvelli þeirra. Þá bera tilkynningarskyldir aðilar ábyrgð á því að ákvæðum laganna sé framfylgt. Þeim er skylt að tilnefna einn úr hópi stjórnenda sem sérstakan ábyrgðarmann sem að jafnaði annast tilkynningar í samræmi við 21. gr. laganna. Jafnframt eru endurskoðendur skráningarskyldir hjá ríkisskattstjóra vegna laganna.

Tilkynningarskyldir aðilar skulu búa yfir kerfi sem gerir þeim kleift að bregðast skjótt við fyrirspurnum frá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu eða öðrum lögbærum stjórnvöldum hvort sem upplýsingarnar varða tiltekna aðila eða tiltekin viðskipti. Tryggja skal að miðlun trúnaðarupplýsinga sé framkvæmd með öruggum hætti (30. gr.).

EFTIRLIT OG VIÐURLÖG

Í tilviki endurskoðenda fer ríkisskattstjóri með eftirlit. Í tengslum við eftirlit og athuganir mála er aðilum skylt að láta eftirlitsaðilum án tafar í té allar þær upplýsingar og gögn sem þeir telja nauðsynleg. Um þvingunarúrræði og viðurlög er fjallað í 12. kafla laganna. Eftirlitsaðilar hafa heimildir til beitinga dagsekta og stjórnvaldssekta vegna brota á lögunum og eins hafa þeir heimild til að víkja stjórn tilkynningarskylds aðila frá í heild eða hluta vegna brota á lögunum.

FREKARA EFN

Þann 19. september 2019 hélt Eiríkur Ragnarsson frá ríkisskattstjóra námskeið um nýju löggjöfina. Glærur frá námskeiðinu eru aðgengilegar á innri vef FLE www.fle.is

Vefur RSK um peningaþvætti:

<https://www.rsk.is/fagadilar/peningathvaetti/>

Vefur FATF um áhættumat fyrir endurskoðunarstéttina:

<https://www.fatf-gafi.org/publications/fatfrecommendations/documents/rba-accounting-profession.html>

Listar Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins yfir þvingunaraðgerðir:

<https://www.un.org/sc/suborg/en/sanctions/information>
<https://sanctionsmap.eu/#/main>

Kjartan Arnfinnsson





Nýju ákvæðin hrófla ekki við skattskyldu höfundatekna, þær munu eftir sem áður vera skattskyldar. Nýju ákvæðin breyta því hins vegar hvernig sumar, en ekki allar, höfundatekjur skuli flokkaðar og skattlagðar

SKATTLAGNING TEKNA AF HÖFUNDARRÉTTINDUM

Sigurjón Högnason, lögfræðingur hjá KPMG

LAGABREYTING

Með lögum nr. 111/2019 voru breytingar gerðar á ákvæðum um skattlagningu höfundarréttargreiðslna.

Annars vegar var við 3. mgr. 66. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, aukið svohljóðandi nýjum 4. málslíð:

„Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. A-liðar 7. gr. skulu greiðslur til höfunda og/eða annarra einstaklinga sem rétthafa vegna síðari afnota eftir að verk skv. **1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972**, hefur verið gert aðgengilegt almenningi, birt eða gefið út, sbr. 2. og 3. gr. sömu laga, teljast til fjármagnstekna án nokkurs frádráttar.“

Hins vegar var við lög nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, aukið svohljóðandi nýrri 21. gr. á ásamt fyrir sögn:

„Greiðslur til höfunda og/eða annarra einstaklinga sem rétthafa.

Ákvæði laga þessara, svo sem um skilaskylda aðila, afdrátt staðgreiðslu og skilaskyldu staðgreiðslu, gilda um greiðslur til höfunda og/eða annarra einstaklinga sem rétthafa vegna síðari afnota eftir að verk skv. **1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972**, hefur verið gert aðgengilegt almenningi, birt eða gefið út, sbr. **2. og 3. gr. sömu laga**, sbr. 4. málsl. 3. mgr. **66. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003**.“

Breytingar þessar öðluðust gildi við upphaf árs 2020 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu skatts á árinu 2020 og við álagningu opinberra gjalda á árinu 2021. Í eftirfarandi umfjöllun eru þessi ákvæði laga nr. 111/2019 nefnd nýju ákvæðin.

Á grundvelli heimildar í 1. mgr. 121. gr. laga nr. 90/2003 setti fjármála- og efnahagsráðherra reglugerð nr. 1245/2019 um skattlagningu tekna af höfundarréttindum, sem gildi tók 1. janúar 2020. Hér eftir í umfjöllun þessari er sú reglugerð nefnd nýja reglugerðin.

BREYTT SKATTLAGNING

Um langan aldur hefur talist til skattskyldra tekna endurgjald til höfunda og rétthafa fyrir hvers konar hugverk, bókmenntir og listir eða listaverk, hvort sem um er að ræða afnot eða sölu, svo vísað sé til orðalags 3. tölul. A-liðar 7. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Slíkar tekjur eru hér eftir í umfjöllun þessari nefndar höfundatekjur.

Nýju ákvæðin hrófla ekki við skattskyldu höfundatekna, þær munu eftir sem áður vera skattskyldar. Nýju ákvæðin breyta því hins vegar hvernig sumar, en ekki allar, höfundatekjur skuli flokkaðar og skattlagðar. Breytingarnar taka aðeins til tekna manna en ekki tekna lögaðila.

Höfundatekjur manna hafa fram til þessa verið skattlagðar eftir almennum reglum um skattlagningu tekna manna, þ.e. verið skattlagðar fullum tekjuskatti og útsvari, eins og t.d. laun og hagnaður af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Hvort höfundatekjur manna hafa verið flokkaðar sem tekjur í eða utan atvinnurekstrar eða sjálfstæðrar starfsemi hefur ráðist af ólögakveðnum viðmiðum um umfang, efnahagslegan tilgang starfsemi og eðli teknanna.

Samkvæmt nýju ákvæðunum skulu sumar höfundatekjur manna flokkaðar og skattlagðar sem fjármagnstekjur, þ.e. skulu sæta skattlagningu 22% tekjuskatts (fjármagnstekjuskatts) en engri annarri skattlagningu. Um er að ræða skattlagningu brúttó tekna, því enginn frádráttur heimilast frá tekjunum. Er það í samræmi við skattlagningu annarra fjármagnstekna manna. Samkvæmt 1. gr. nýju reglugerðarinnar skulu þær höfundatekjur manna, sem nýju ákvæðin taka til, í öllum tilvikum flokkaðar og skattlagðar sem fjármagnstekjur en ekki sem tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi.

Lögaðilar geta ekki verið höfundar, en lögaðilar geta hins vegar verið rétthafar höfundatekna. Nýju ákvæðin breyta engu um flokkun og skattlagningu höfundatekna lögaðila, þær skulu eftir sem áður vera flokkaðar og skattlagðar sem tekjur af atvinnurekstri.

AFMÖRKUN FJÁRMAGNSTEKNA

Skattlagning höfundatekna sem fjármagnstekna takmarkast við greiðslur til manna vegna síðari afnota af verki eftir að það hefur verið gert almenningi aðgengilegt, birt eða gefið út með lögmætum hætti, sbr. ákvæði 2. og 3. gr. höfundalaga.

Frumvarp það er varð að lögum nr. 111/2019 sætti breytingum í meðförum Alþingis að tillögu fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis gerði að sinni. Í upphaflegri gerð frumvarpsins var lagt til að aðeins skyldu skattlagðar sem fjármagnstekjur greiðslur til höfunda og rétthafa frá viðurkenndum samtökum rétthafa. Það skilyrði var fellt brott. Í því fólst rýmkun á gildissviði ákvæðanna.

Hér á eftir fer umfjöllun um einstakar tegundir höfundatekna.

Greiðslur fyrir rétt til yfirfærslu frumverks í nýjan búning

Í nefndaráli meirihluta efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis kemur fram að við umfjöllun nefndarinnar hafi verið gagnrýnt að samkynja greiðslur yrðu skattlagðar með mismunandi hætti eftir því hvort rétthafi fengi þær greiddar frá viðurkenndum rétthafasamtökum eða ekki. Gagnrýni í þessa veru kom fram í umsögn Rithöfundasambands Íslands (RSÍ) um frumvarpið. Í umsögninni segir að stór hluti tekna rithöfunda eftir frumsköpun verks lúti t.d. að sölu á kvikmyndarétti að bókmenntaverkum eða rétti til sviðsuppsetningar í leikhúsi. Slíkir samningar séu ávallt gerðir á einstaklingsgrunni en ekki fyrir tilstilli eða milligöngu samtaka rétthafa. Enginn eðlismunur væri á sölu kvikmyndaréttar verndaðs bókmenntaverks og greiðslum sem

færu í gegnum RSÍ. Að ósk efnahags- og viðskiptanefndar tók fjármála- og efnahagsráðuneytið saman minnisblað um fram komnar umsagnir. Í minnisblaðinu kemur fram að ráðuneytið var ósammála þeirri skoðun RSÍ að enginn eðlismunur væri á annars vegar greiðslum til rétthafa vegna t.d. sölu á kvikmyndarétti verndaðs bókmenntaverks og hins vegar þeim greiðslum sem bærust rétthöfum í gegnum RSÍ.

Við setningu nýju reglugerðarinnar virðist ráðuneytið hafa skipt um skoðun hvað varðar seldan rétt til kvikmyndunar eða sviðsuppsetningar bókmenntaverks. Í 3. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar segir: „Greiðslur til rétthafa vegna aðlögunar höfundarverks með yfirfærslu frumverks í nýjan búning vegna síðari afnota þess skulu einnig teljast til fjármagnstekna án nokkurs frádráttar. Hér undir falla tekjur af síðari afnotum á frumsköpun höfundar hvort sem frumhöfundur gerir það sjálfur eða aðrir menn með hans leyfi eftir því sem lög krefjast. Sem dæmi um greiðslur sem falla hér undir eru greiðslur af ýmsum réttindum, s.s. vegna kvikmynda, sjónvarpsmynda, leikgerðar, tónsmíða og þýðinga vegna nýtingar frumverks.“ Af þessum orðum verður ráðið að flokka skuli og skattleggja sem fjármagnstekjur greiðslur fyrir rétt til að nýta bókmenntaverk (frumverk) til kvikmyndunar, sviðsuppsetningar og þýðingar á annað tungumál. Slík flokkun og skattlagning afmarkast við greiðslu fyrir rétt til að yfirfæra frumverk í nýjan búning, en nær ekki til greiðslu fyrir yfirfærsluna sjálfa og það eins þótt höfundur frumverks annist yfirfærsluna.

Greiðslur á grundvalli samningskvaðaleyfis

Samkvæmt höfundalögum gera samtök rétthafa samninga við notendur um heimildir þeirra til hagnýtingar áður birtra eða útgefinna verka, svonefnd samningskvaðaleyfi. Slíkir samningar geta ekki aðeins náð til verka félagsmanna heldur einnig til verka höfunda sem standa utan samtakanna. Höfundar utan samtakanna geta gert kröfu um þóknun fyrir afnot á grundvelli samningskvaðaleyfis. Slíkri kröfu verður einungis beint að samtökunum. Samningskvaðaleyfi getur tekið til heimildar:

- Safna til að gera eintök af birtum verkum í safni sínu (12. gr. b.).
- Til endurbirtingar listaverks í almennu fræðsluefni (3. mgr. 14. gr.).
- Stofnana, samtaka og fyrirtækja til að gera eintök af útgefnum verkum til nota í starfsemi sinni (1. mgr. 18. gr.).
- Opinberra stofnana og stofnana í almannabágu til að gera eintök af birtum verkum til nota fyrir þá sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum eru ófærir um að nýta sér hefðbundna fjölmiðlaþjónustu (4. mgr. 19. gr.).
- Útvarpsstöðva til útsendingar útgefinna verka (23. gr.).
- Til að endurvarpa um kapalkerfi verki sem er löglega útvarpað (23. gr. a.).
- Útvarpsstöðva til endur útsendingar verka úr safni sínu (23. gr. b.).



Yfir vafa virðist hafið að greiðslur til höfunda og rétthafa á grundvelli samningskvaðaleyfis skuli skattlagðar sem fjármagnstekjur.

Greiðslur fyrir eftirgerðir til einkanota

Mönnum er samkvæmt höfundalögum heimilt að gera til einkanota eintök af birtu verki, með vissum takmörkunum þó (11. gr.). Höfundar eiga rétt á „sanngjörnum bótum“ vegna eftirgerðar til einkanota. Bæturnar skulu árlega greiddar til Innheimtumiðstöðvar rétthafa (IHM) með fjárveitingu samkvæmt fjárheimild í fjárlögum. Greiðslurnar skulu miðast við ákvæðnar hlutfallstölur (1-4%) af tollverði tiltekinna geymslumiðla, sem taka má upp á hljóð eða mynd, t.d. tölvu, farsíma, USB-minnislykla og SD-korta. IHM úthlutar bótunum til aðildarfélaga sinna, sem miðla þeim áfram til höfunda og annarra rétthafa. Ótvírátt verður að telja að í höndum höfunda og rétthafa skuli bætur þessar skattlagðar sem fjármagnstekjur.

Greiðslur til listflytjenda

Samkvæmt höfundalögum eiga listflytjendur og framleiðendur útgefins hljóðrits rétt til sameiginlegrar þóknunar fyrir afnot hljóðritsins til flutnings í útvarpi eða annarrar opinberrar dreifingar listflutningsins (47. gr.). Krafa til slíkrar þóknunar verður aðeins gerð af samtökum framleiðenda og listflytjenda (samtökum rétthafa) á grundvelli samnings samtakanna við notanda eða samtök sem notandi á aðild að. Ekki verður annað ráðið en að listflytjendur falli undir orðin „annarra einstaklinga sem rétthafa“ í hinum nýju ákvæðum. Þessar þóknunir til listflytjenda eru vegna síðari afnota útgefins verks. Því ætti að vera ljóst að þessar þóknunir listflytjenda skulu skattlagðar sem fjármagnstekjur.

Fylgiréttargjald

Höfundur myndverks, listiðnaðarverks eða ljósmyndaverks á rétt til þóknunar, svonefnds fylgiréttargjalds, við endursölu upprunalegs eintaks verks í atvinnuskyni eða á listmunauppbóði, skv. 25. gr. b. höfundalaga og ákvæða reglugerðar nr. 486/2011 um fylgiréttargjald. Fylgiréttargjald verður aðeins innheimt af viðurkenndum samtökum rétthafa. Samkvæmt orðanna hljóðan nýju ákvæðanna taka þau til greiðslna vegna „afnota“ og í nefndaráli kemur fram að ætlunin hafi verið að afmarka gildissvið „við tekjur sem skapast vegna afnota en ekki tekjur af sölu eintaka“. Af þeim orðum mætti ætla að fylgiréttargjald skuli ekki skattlagt sem fjármagnstekjur. Í umsögn um drög að nýju reglugerðinni vakti KPMG athygli fjármála- og efnahagsráðuneytisins á þessu álitamáli. Ráðuneytið brást við þeirri ábendingu með því að auka orðunum „þ.m.t. fylgiréttargjald frá samtökum rétthafa skv. 25. gr. b höfundalaga og reglugerð nr. 486/2001, um fylgiréttargjald“ við ákvæði 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar frá því sem verið hafði í drögunum. Með þeim orðum kvað ráðuneytið á um að fylgiréttargjald skuli flokkað og skattlagt sem fjármagnstekjur.

Greiðslur fyrir notkun bóka á bókasöfnum

Samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 91/2007, um bókmenntir, eiga höfundar rétt á greiðslum fyrir notkun bóka þeirra á bókasöfnum hins opinbera, bæði fyrir útlán og afnot í lestrarsölum bókasafna. Rétt þennan eiga rithöfundar, þýðendur, myndhöfundar, tónskáld og aðrir þeir menn sem átt hafa þátt í ritun bókar. Við andlát höfundar gengur réttur til hálftrar greiðslu til maka, en til barna höfundar innan 18 ára ef maki er ekki til staðar. Fé til greiðslna þessara kemur af almannafé samkvæmt fjárlögum hverju sinni og skal útdelt af sérstakri úthlutunarnefnd. Um greiðslurnar gilda reglur nr. 323/2008, settar af menntamálaráðherra. Úthlutunarnefnd getur falið stofnun eða samtökum að annast greiðslur og umsýslu umsókna. Í reglunum er sérstaklega tekið fram að greiðslur samkvæmt þeim séu menningarlegur stuðningur við bækur á íslenskri tungu, en feli ekki í sér höfundarréttargreiðslur. Sú skilgreining greiðslnanna girðir ekki fyrir að þær verði skattlagðar sem fjármagnstekjur samkvæmt nýju ákvæðunum. Greiðslur þessar uppfylla skilyrði um að þær gangi til höfundar eða annars rétthafa og jafnframt skilyrði um að þær séu vegna síðari afnota eftir að verk hefur verið gert almenningi aðgengilegt. Því má ljóst vera að greiðslurnar skuli skattlagðar sem fjármagnstekjur.

Greiðslur sem ekki teljast til fjármagnstekna

Í 4. gr. nýju reglugerðarinnar er tiltekið að ekki teljist til fjármagnstekna sala verka, sem jafna megir til vöru sölu, svo sem sala á útgáfurétti (þ.m.t. endurútgáfa), bókum, kvikmyndum, aðgöngumiðum á listviðburði, lagi til afspilunar, eða aðrar tekjur af seldum eintökum.

Viðtakendur greiðslu

Skattlagning höfundagreiðslu sem fjármagnstekna er bundin við að viðtakandi hennar sé maður, þ.e. höfundur, flytjandi eða maður sem tekið hefur við réttindum af höfundi.

Þær breytingar á skattlagningu, sem gerðar voru með nýju ákvæðunum, ná aðeins til skattlagningar manna sem bera á Íslandi ótakmarkaða skattskyldu vegna heimilisfestar eða dvalar hér á landi. Tekjur af höfundarétti þeirra manna og lögaðila sem á Íslandi bera aðeins takmarkaða skattskyldu vegna uppruna teknanna hér á landi, skulu einnig sæta 22% skattlagningu, skv. 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. og 6. tölul. 70. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og hefur svo verið frá því skatthlutfallið var hækkað úr 20% í 22% frá og með upphafi árs 2018. Tvísköttunarsamningar sem Ísland hefur gert við önnur ríki fella þó ýmist niður skattlagningarrétt Íslands eða takmarka hann við lægra skatthlutfall.

GREIÐENDUR

Skattlagning höfundagreiðslna sem fjármagnstekna er ekki bundin við að greiðandinn sé viðurkennd samtök rétthafa. Í höfundalögum er viðurkenndum samtökum rétthafa falin innheimta og miðlun til rétthafa á öllum greiðslum samkvæmt lögnum. Eins og hér framur er rakið má ætla að skattlagðar skuli sem fjármagnstekjur allar greiðslur til manna á grundvelli höfundalaga. Viðurkennd samtök rétthafa eru nú: Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF), Myndhöfundasjóður Íslands (Myndstef), Rithöfundasamband Íslands (RSÍ), Hagþenkir – félag höfunda fræðiritna og kennslugagna, Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH), Fjölís og Innheimtumiðstöð gjalda (IHM).

Greiðslur fyrir notkun bóka á bókasöfnum annast stofnun eða félagasamtök sem úthlutunarnefnd felur það verkefni.

TÍMAMARK SKATTSKYLDU

Í ákvæðum laga nr. 111/2019 og í nýju reglugerðinni er jafnan tiltekið að „greiðslur“ skuli skattlagðar sem fjármagnstekjur manna. Af þeirri orðnotkun mátti ætla að skattskyldu sé ætlað að myndast við það tímamark þegar greiðsla umræddra tekna á sér stað, en ekki þegar krafa myndast til teknanna, sem er þó meginregla um tímamark skattskyldu tekna. Á þetta benti KPMG í umsögn sinni um drög að reglugerðinni. Fjármála- og efnahagsráðuneytið brást við ábendingunni með því að auka málsgrein við 5. gr. reglugerðarinnar frá því sem verið hafði í drögunum. Málsgreinin, sem er 3. mgr., hljóðar svo: „Tekjur af höfundarréttindum skulu taldar til tekna á því ári sem þær verða til, þ.e. þegar myndast hefur krafa þeirra vegna á hendur einhverjum, sbr. 2. mgr. 59. gr. laga um tekjuskatt.“ Með þeim orðum tók ráðuneytið af allan vafa um það að skattskylda umræddra höfundatekna myndast þegar krafa stofnast til teknanna og það eins þótt greiðsla eigi sér síðar stað.

Greiðslur frá viðurkenndum samtökum rétthafa byggjast á úthlutun, aðrar en fylgiréttargreiðslur. Krafa rétthafa stofnast við slíka úthlutun. Sömu sögu er að segja af úthlutun úthlutunarnefndar á greiðslum fyrir afnot verka á bókasöfnum. Krafa rétthafa til fylgiréttargjalds stofnast við endursölu listaverks í atvinnuskyni eða á listmunauppbóði. Krafa til greiðslu, fyrir nýtingarrétt bókmenntaverks til kvikmyndunar, sviðsuppsetningar eða þýðingar á annað tungumál, stofnast þegar bindandi samningur kemst á um slíka nýtingu og greiðslu fyrir hana.

STAÐGREIÐSLA SKATTS

Höfundagreiðslur, sem skattlagðar skulu sem fjármagnstekjur, skulu sæta afdrætti skatts í staðgreiðslu eftir ákvæðum laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Aðrar höfundagreiðslur, þ.m.t. greiðslur til lögaðila sem rétthafa, skulu ekki sæta afdrætti skatts í staðgreiðslu eftir þeim lögum.

Skylda, til að halda skatti eftir í staðgreiðslu af umræddum greiðslum og skila skattinum í ríkissjóð, hvílir á samtökum rétthafa sem annast slíkar greiðslur, skv. 2. mgr. 5. gr. nýju reglugerðarinnar. Ekki er í reglugerðinni sérstaklega kveðið á um tímamark afdráttar skatts í staðgreiðslu, en vísað er til almennra reglna þar um. Meginregla um tímamark afdráttar skatts af vöxtum er þegar vextirnir eru greiddir eða færðir rétthafa til eignar á reikningi. Afdráttur skatts af arði skal fara fram við greiðslu, en þó ekki síðar en á síðasta uppgjörstímabili þess árs þegar ákvörðun um úthlutun hans er tekin. Að virtum þeim reglum verður að ætla að samtök rétthafa skuli halda skatti í staðgreiðslu eftir af höfundagreiðslum við greiðslu en þó ekki síðar en á síðasta uppgjörstímabili þess árs þegar viðkomandi úthlutun á sér stað.

Hvert uppgjörstímabil (greiðslutímabil) afdregins skatts er þrír mánuðir, þ.e. janúar–mars, apríl–júní, júlí–september og október–desember. Gjald dagar eru 20. apríl, 20. júlí, 20. október og 20. janúar og er eindagi 15 dögum síðar. Greiðslu til innheimtumanns ríkissjóðs skal fylgja skilgrein á formi sem ríkisskattstjóri ákveður.

Staðgreiðsla skatts af greiðslum af umræddum toga til höfunda eða rétthafa, sem aðeins bera takmarkaða skattskyldu á Íslandi, fer ekki eftir lögum nr. 94/1996 heldur eftir lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 6. tölul. 5. gr. þeirra laga.

Sigurjón Högnason



Stjórnendur skulu leggja mat á mikilvægi og hvaða upplýsingar eru viðeigandi til að tryggja að reikningsskilin gefi glögga mynd samkvæmt skilgreiningu í 5. gr. laga um ársreikninga



EFTIRLIT, HLUTVERK OG VALDHEIMILDIR ÁRSREIKNINGASKRÁR

Ágústa Katrín Guðmundsdóttir endurskoðandi hjá AKG endurskoðun ehf.

Hlutverk og valdheimildir ársreikningaskrár er að finna í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga (109. og 117. gr.) Þar kemur fram að ársreikningaskrá sé starfsrækt í því skyni að taka á móti, varðveita og veita aðgang að skilaskyldum gögnum ásamt því að hafa eftirlit með að þessi gögn séu í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og settra reikningsskilareglna. Ársreikningaskrá skal þannig gera úrtakskannanir og athuganir á ársreikningum, samstæðureikningum og skýrslum stjórna til að sannreyna að þessi gögn séu í samræmi við ársreikningalög.

Einnig skal hún hafa eftirlit með félögum sem skylt er að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS eða nýta sér heimild til beitingar þeirra samkvæmt kafla VIII í ársreikningalögunum og reglugerð 1606/2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Áhersluatriði Evrópska verðbréfeftirlitsins (ESMA) eiga líka við um IFRS félög en ársreikningaskrá er meðlimur í þeim samtökum. Mun ríkari heimildir gilda fyrir skráð félög og félög sem gera upp samkvæmt IFRS en félaga sem gera upp samkvæmt íslenskum ársreikningalögum (IS-GAAP). Meðal annars hefur ársreikningaskrá valdheimildir til eftirfarandi aðgerða:

- Ársreikningaskrá getur krafist allra þeirra upplýsinga og gagna sem nauðsynleg eru til að framkvæma eftirlitið, þ.m.t. vinnuskjöl sem varða reikningsskil frá stjórn,

framkvæmdastjóra og endurskoðanda félagsins. Ársreikningaskrá getur lagt dagsektir á eftirlitsskyld félög, veiti þau ekki umbeðnar upplýsingar innan hæfilegs frests.

- Komist ársreikningaskrá að þeirri niðurstöðu að reikningsskil eftirlitsskylds félags séu ekki í samræmi við ákvæði laganna getur ársreikningaskrá krafist þess að reikningsskilin séu leiðrétt og að félagið birti breytingar og/ eða viðbótarupplýsingar sem nauðsynlegar eru. Skráin getur birt opinberlega upplýsingar um nauðsynlegar breytingar verði félagið ekki við körfum hennar. Þessu til viðbótar getur ársreikningaskrá óskað eftir því við viðkomandi kauphöll að viðskiptum með verðbréf eftirlitsskylds félags verði hætt tímabundið á skipulegum verðbréfamarkaði, þar til félagið hefur birt fullnægjandi reikningsskil og/ eða viðbótarupplýsingar að mati ársreikningaskrár. Úrskurði ársreikningaskrár er kæránlegur til ráðherra inna 14 daga frá því hann er kynntur félagi.
- Ársreikningaskrá er heimilt að kalla aðila með sérfræðipækkingu til aðstoðar við eftirlit. Jafnframt er ársreikningaskrá í einstökum tilvikum heimilt að fela sérfróðum aðilum það eftirlit sem ársreikningaskrá er falið samkvæmt lögum þessum.



- Þegar eftirlit hefur verið framkvæmt skal ársreikningaskrá birta með rafrænum og aðgengilegum hætti niðurstöður eftirlits ársins sem framkvæmt hefur verið.

Á síðustu árum hefur ársreikningaskrá gefið út minnisblað um áhersluatriði í eftirliti sínu og eru þau hugsuð til umhugsunar fyrir stjórnendur félaga sem og endurskoðendur eða skoðunarmenn þeirra félaga sem falla undir gildissvið ársreikningalaga. Áhersluatriðin taka mið af nýlegum breytingum laga og reglugerða auk atriða sem upp hafa komið við eftirlit með reikningsskilum á síðustu árum.

Ný reglugerð nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga leit dagsins ljós á liðnu ári og gildir fyrir ársreikninga og samstæðureikninga frá 1. janúar 2019. Framsetning rekstrarreiknings og efnahagsreiknings samkvæmt reglugerðinni byggir á tilskipun Evrópusambandsins um ársreikninga félaga. Gert er ráð fyrir mikilli sérgreiningu liða í bæði rekstrar- og efnahagsreikningi. Því er gott að hafa í huga ákvæði reglugerðarinnar um óverulegar fjárhæðir en í þeim tilvikum er heimilt að sleppa sérgreiningu liða í rekstrar- eða efnahagsreikningi en sundurliða þá viðkomandi lið / liði í skýringum eftir því sem ástæða er til.

Samkvæmt reglugerðinni er fjallað um skýringar með almennum orðum, en í henni eru ekki settar fram beinar viðbótarkröfur umfram kröfur ársreikningalaga. Það segir þó í reglugerðinni að upplýsingar í skýringum skuli vera það ítarlegar að þær geri notendum ársreiknings kleift að leggja mat á eðli og fjárhagsleg áhrif viðskipta og annarra atburða á rekstur og efnahag félagsins (samstæðunnar). Stjórnendur skulu leggja mat á mikilvægi og hvaða upplýsingar eru viðeigandi til að tryggja að reikningsskilin gefi glögga mynd samkvæmt skilgreiningu í 5. gr. laga um ársreikninga. Þannig geti verið nauðsynlegt að birta ýtarlegri sundurliðanir og skýringar en gerð er krafa um í lögum um ársreikninga eða reglugerðinni.

Ársreikningar sem lenda í úrtaki eru almennt skoðaðir heilt yfir hvort þeir séu í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og settra reikningsskilareglna. Áhersluatriði sem sérstaklega verða tekin fyrir vegna ársreikninga reikningsársins 2019 eru:

1. Skylda til að endurskoða félög yfir vissum stærðarmörkum

- a. Samkvæmt 3. mgr. 96. gr. laga um ársreikninga eru þau félög sem falla undir gildissvið laganna endurskoðunarskyld. Ekki er þó skylt að láta endurskoða ársreikning félags skv. 1. mgr. 98. gr. laganna ef félag er undir tveimur af þremur stærðarmörkum tvö næstliðin reikningsár það er efnahagsreikningur undir 200 milljónum kr., hrein velta undir 400 milljónum kr. og meðalfjöldi ársverka á fjárhagsári undir 50.
- b. Þessi undanþága nær ekki til móðurfélags sem er skylt að semja samstæðureikning.
- c. Ef ársreikningur sem fer yfir þessi stærðarmörk

er ekki endurskoðaður verður honum hafnað hjá ársreikningaskrá og gerð krafa um að endurskoðuðum ársreikningi verði skilað.

2. Rétt skráning endurskoðenda eða skoðunarmanna

- a. Til þess að endurskoðandi eða skoðunarmaður megi árita ársreikning verður hann að hafa verið kosinn á aðalfundi eða almennum félagsfundi og hann jafnframt tilkynntur til fyrirtækjaskrár. Ársreikningaskrá kemur til með að hafna ársreikningum ef annar endurskoðandi eða skoðunarmaður en sá sem skráður er hjá fyrirtækjaskrá staðfestir yfirferð sína á reikningsskilum félagsins.

3. Skýrsla stjórnar

- a. Í greinum 65 og 66 í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga koma fram helstu atriði sem þarf að upplýsa um í skýrslu stjórnar.
- b. Í reglugerð 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga kemur fram að taka skuli tillit til umfangs rekstrar, stærðar viðkomandi félags og þess hversu margbrotin starfsemi félagsins sé þegar verið er að leggja mat á hversu ítarlegar upplýsingar skuli veita. Af þessu leiðir að meiri kröfur eru gerðar til stærri og flóknari félaga en þeirra minni.

4. Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

- a. Ársreikningaskrá mun fylgjast sérstaklega með að framsetning upplýsinga í skýrslum stjórna endurskoðunarskyldra félaga sé í samræmi við ákvæði laga. Á árinu 2016 var grein 66 d innleidd í lög um ársreikninga að fyrirmynd tilskipunar frá ESB um ófjárhagslega upplýsingagjöf. Samkvæmt greininni er gerð ríkari lagaleg krafa um einingar tengdar almannahagsmunum og móðurfélög stórra samstæðna sem uppfylla tvö af þremur eftirfarandi skilyrðum ber að greina frá ófjárhagslegum upplýsingum í ársreikningi: a) heildareignir yfir 3 milljarða kr. b) hrein velta yfir 6 milljarða kr. og c) meðalfjöldi ársverka yfir 250.

5. Upplýsingagjöf vegna eignarhalds og kaupa og sölu eigin hluta

- a. Veita skal upplýsingar bæði í skýrslu stjórnar og í skýringarhluta ársreiknings. Í skýrslu stjórnar skal koma fram fjöldi og nafnverð eigin hluta og einnig upplýsingar um ástæðu þess ef félagið aflaði sér eða lét af hendi eigin hluti á reikningsárinu. Einnig skal upplýsa um endurgjald hlutanna.
- b. Í skýringum skal upplýsa um sömu atriði og í skýrslu og til viðbótar skal koma fram hlutfall eigin hluta af heildarhlutum.
- c. Sömu upplýsingar skal veita ef tekið hefur verið veð í eigin hlutum eða dótturfélag hefur eignast eða látið af hendi hluti í móðurfélagi á reikningsárinu.



6. Hlutdeildaraðferð

- a. Sérstaklega mun verða fylgst með að félögum sem skylt er að beita hlutdeildaraðferð geri það. Samkvæmt ársreikningalögum er meginreglan að færa eignarhluti í dóttur- og hlutdeildarfélögum samkvæmt hlutdeildaraðferð. Samkvæmt 40. gr. er heimilt að styðjast við kostnaðarverð þegar heimilt er að halda dótturfélögum utan samstæðureiknings, sbr. ákvæði 70. gr.
- b. Það er skilyrðum háð að mega „halda dóttur- og hlutdeildarfélögum utan samstæðureiknings“. Þá er eignarhlutur færður sem sérstakur liður í efnahagsreikningi. Halda má þó dótturfélagi utan samstæðureiknings, sbr. 2. málsl. 1. mgr. 67. gr., ef:
 - i. það hefur óverulega þýðingu fyrir rekstur eða efnahag samstæðunnar vegna smæðar þess,
 - ii. stjórnun þess er ekki lengur í höndum eigenda þess eða verulegar og varanlegar hömlur koma að miklu leyti í veg fyrir að móðurfélagið nýti rétt sinn yfir eignum dótturfélagsins eða til að stjórna því,
 - iii. [í algjörum undantekningartilvikum]¹⁾ ekki er unnt að afla nauðsynlegra upplýsinga tímanlega og án óeðlilegs kostnaðar eða,
 - iv. það hefur ekki áður verið fellt inn í samstæðureikning og móðurfélagið aflaði eignarhlutanna eingöngu í þeim tilgangi að endurselja þá.

Liðir 1 til 4 á við um bæði ársreikninga sem gera upp samkvæmt IS-GAAP og IFRS, en liðir 5 og 6 eiga sérstaklega við um ársreikninga sem gera upp samkvæmt IS-GAAP:

Um stærðarmörk félaga sem kveðið er á um 2. gr. laga um ársreikninga segir í 11. tölulið e að við útreikning viðmiðunarmarka móðurfélags skuli miða við stærðir í samstæðureikningi fyrir þau félög sem semja slíkan reikning en leggja skal saman viðmiðunarmörk móðurfélags og allra dótturfélaga ef móðurfélagið semur ekki samstæðureikning. Þetta getur leitt til þess að þó svo að móðurfélag færi eignarhlut í dótturfélagi á kostnaðarverði þá teljist móðurfélagið sjálft vera stærra félag en stærðir í ársreikningi þess gefa til kynna.

Þetta ákvæði hefur áhrif á upplýsingagjöf í ársreikningi móðurfélags burtséð frá því hvort samstæðureikningurinn er saminn eða ekki og getur einnig haft áhrif að félagi sé skylt að semja samstæðureikning sem leiðir þá til þess að ársreikningur móðurfélags og samstæðureikningur eru orðnir endurskoðunarskyldir þrátt fyrir að móðurfélagið eitt og sér sé undir mörkum endurskoðunarskyldu.

Samkvæmt upplýsingum frá ársreikningaskrá hefur verið ákvarðað í nokkrum málum þar sem eignarhlutir í dóttur- og hlutdeildarfélögum hafa verið færðir á kostnaðarverði og hefur niðurstaðan nær undantekningarlaust verið sú að viðkomandi félagi hafi verið skylt að beita hlutdeildaraðferð.

Ágústa Katrín Guðmundsdóttir



Frá Reikningsskiladegi.

Deila þessi hefur frá upphafi, í grunninn, snúist um óvissu um lagalegt gildi hinna alþjóðlegu endurskoðunarstaðla á Íslandi



GILDI ALÞJÓÐLEGRA ENDURSKOÐUNARSTAÐLA Á ÍSLANDI

FRÁSÖGN AF DEILU VIÐ ENDURSKOÐENDARÁÐ

Guðmundur Jóelsson var löggiltur endurskoðandi frá 1975 til 2019 en er nú hættur störfum

Þann 31. ágúst 2010 skipaði viðskiptaráðherra nefnd, sem starfaði undir forystu Sigurðar Þórðarsonar fv. ríkisendurskoðanda. Í skipunarbréfi nefndarinnar var henni m.a. falið að fara heildstætt yfir lög og reglur sem gilda um endurskoðendur, skoða lagaumhverfi í helstu nágrannaríkjum, skoða hvað hefði mátt betur fara í aðdraganda hruns viðskiptabankanna varðandi atriði sem lúta að endurskoðendum omfl. Nefndin skilaði af sér viðamikilli 60 bls. skýrslu í janúar 2011. Í kafla 4.1.2. um endurskoðunarstaðla á bls. 18 er m.a. eftirfarandi að finna:

„Þrátt fyrir bráðabirgðaákvæði í lögum um að í góðri endurskoðunarvenju felist að endurskoðað sé í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, þá hafa staðlarnir hvorki verið þýddir né formlega samþykktir af Félagi löggiltra endurskoðenda sem íslenskir endurskoðunarstaðlar. Spurningar hafa vaknað um hvort ekki sé nauðsynlegt, til þess að tryggja beitingu íþyngjandi viðurlaga vegna brota á stöðlum, að gefa þá út í formi stjórnvaldsfyrirmæla sem birt væru lögum samkvæmt.

TILMÆLI

Nefndin telur að óvissa sé um lagalegt gildi alþjóðlegra endurskoðunarstaðla og því nauðsynlegt að efnahags- og viðskiptaráðuneyti kanni hvort þeir hafi verið innleiddir með fullnægjandi hætti. Ástæða þessarar óvissu snýr einkum að þýðingu, skuldbindingargildi og formlegri birtingu staðlanna“. Það er skemmst frá að segja, að umrædd könnun var aldrei framkvæmd.

Þann 1. janúar 2009 gengu í gildi ný lög um endurskoðendur á Íslandi – nánar tiltekið lög nr. 79/2008. Undirbúningur laganna hafði staðið yfir um nokkuð langt skeið og því hefur verið haldið fram, að þess hafi verið vandlega gætt að enginn úr hópi einyrkja í endurskoðun kæmi að undirbúningnum, enda kom á daginn

að eftir setningu laganna virtist sem þeim hópi væri nánast gert ókleift að sinna sínu fagi – upp skyldi taka samstundis alþjóðlega endurskoðunarstaðla sem kölluðu á háskólanám í 4-5 ár. Engin „sólarlagsákvæði“ virtust vera fyrir eldri endurskoðendur. Við nánari skoðun reyndist þó eftirfarandi að finna í 9. gr. laganna: „Endurskoðandi skal rækja störf sín í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og alþjóðlega staðla um gæðaeftirlit sem teknir hafa verið upp í íslenskan rétt, sbr. 31. gr.“ Síðan kemur í bráðabirgðaákvæði II: „Þar til alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar hafa verið teknir upp í íslenskan rétt, skal endurskoðun skv. 9. gr. fara eftir góðri endurskoðunarvenju“. Varla hefði þetta ákvæði verið sett inn nema eitthvað væri óklárt í grundvelli að framkvæmd laganna.



Frá upphafi var ljóst, að ákvæði hinna nýju laga um svonefnt endurskoðendaráð og gæðaeftirlit þess með störfum endurskoðenda myndi öðru fremur valda ágreiningi og átökum eins og fljótlega kom á daginn. Hörd gagnrýni, einkum frá einyrkjum í stéttinni, kom fram á framkvæmd gæðaeftirlitsins. Á aðalfundi FLE þann 4. nóvember 2011 kvaddi ég mér hljóðs og lýsti áhyggjum mínum af stöðu mála. Þar sagði ég meðal annars:

„Félagið okkar er að skiptast í tvær fylkingar – annars vegar þeir sem að sögn beita nýrri og lögvörðum aðferðum við endurskoðunarstörf sín og hins vegar hinir, einkum í eldri kantinum, sem fram til þessa hafa starfað sem góðir og samviskusamir endurskoðendur á grundvelli góðrar endurskoðunarvenju og finna sig nú skyndilega óörugga um sína stöðu – að þeim er sótt og hlutirnir skulu breytast hratt. Lögvarin atvinnuréttindi til áratuga eru í húfi og í loftinu liggur, að dómstólar gætu jafnvel komið við sögu við varðveislu þeirra, séu menn ekki hlýðnir og góðir. Hugtök eins og reynsla og þekking á verkefnum virðast skyndilega léttvæg séu þau ekki skýrt í staðla skrifuð“.

Stefán Svavarsson birti í FLE blaðinu í janúar 2013 grein undir heitinu „Einyrkjar í stétt endurskoðenda og alþjóðlegir staðlar“. Þar fjallar hann ítarlega um þetta mál og segir m.a.: „Þegar allt ofangreint er skoðað þykir þeim sem hér ritar full ástæða til þess að gera hlé á umræddri eftirlitsvinnu, a.m.k. á meðan hvorki er sátt um lagalega stöðu alþjóðlegra staðla né framkvæmd eftirlitsvinnunnar. Frá sjónarhóli einyrkjanna, sem nú sæta auknu eftirliti, sýnist enn fremur eðlilegt að spurt sé hvort hrúnið á fjármálamarkaði hafi ekki gefið Endurskoðendaráðinu tilefni til að beina eftirlitskröftum sínum að fyrirtækjum og einstaklingum sem unnu fyrir fjármálafyrirtækin sem illa fóru út úr þeim hamförum. Svar við þeirri spurningu væri vel þegið“.

Þá kom m.a. fram í bréfi dags. 26/5 2014, sem formaður FLE ritaði ráðherra að minni beiðni, eftirfarandi: „FLE tekur aftur á móti undir að lagaleg óvissa sé til staðar um gildi staðlanna hvað varðar beitingu íþyngjandi viðurlaga vegna brota á þeim og ef þeim er ekki fylgt. Vísast í þessu samhengi í „Skýrslu um málefni endurskoðenda“ frá janúar 2011 sem unnin var á sínum tíma á vegum efnahags- og viðskiptaráðherra“. Gæðaeftirlit á vegum endurskoðendaráðs hófst síðan 2010 og olli strax eldri hluta stéttarinnar miklum erfiðleikum.

Þann 11/6 2012 barst mér síðan boðun um gæðaeftirlit frá endurskoðendaráði sem ég mótmælti af fyrrgreindum ástæðum og gengu bréfasendingar milli mín og ráðsins næstu mánuði. Þann 22/3 2013 barst mér bréf frá ráðinu þar sem mér var hótad tillögu um sviptingu réttinda til ráðherra, yrði ég ekki við boðun ráðsins um gæðaeftirlit. Í kjölfarið féllst ég á að taka á móti gæðaeftirlitsmönnum á starfsstöð minni. Af ýmsum ástæðum, m.a. breytingum á endurskoðendaráði, tókst ekki að koma þeim fundi á fyrr en 12/11 2013. Þar fóru gæðaeftirlitsmenn yfir gátlista 1 og 2 án athugasemda en þegar kom að gátlista 3, spurði ég, á hvaða grundvelli þeir hygðust byggja skoðunina. Svarið var – á grundvelli alþjóðlegra endurskoðunarstaðla. Ég bauð fram gögnum til skoðunar, byggð á góðri endurskoðunarvenju jafnframt

því að leggja fram tveggja síðna greinargerð fyrir afstöðu minni. Gæðaeftirlitsmenn afþökkuðu slíka skoðun og varð því ekki af frekara eftirliti. Heimsókn þessi hefur æ síðan verið skráð af endurskoðendaráði sem skilyrðislaus neitun á afhendingu vinnugagna án þess að geta nokkuð um forsendur.

Í kjölfarið hófst ný lota bréfasamskipta sem lauk með því að þann 28/4 2014 lagði endurskoðendaráð til við ráðherra að réttindi mín sem löggiltur endurskoðandi yrðu felld niður vegna „alvarlegra brota“ á lögum um endurskoðendur. Þann 8/5 2014 sá formaður FLE, ástæðu til að senda ráðuneytinu tölvupóst þar sem ákveðin atriði í greinargerð ráðsins vegna tillögunnar um sviptingu réttinda fólu í sér beinar rangfærslur á atburðarás og leiðrétti formaðurinn þær þar.

Í ágúst 2014 óskaði ég eftir álit frá Guðmundi Ágústssyni hrl. og fyrrum alþingismanni á málavöxtum. Í álit hans, dags. 4/9 2014 kemur m.a. fram sú afdráttarlaus skoðun, að „til að svipta eða skerða atvinnuréttindi þurfa lögin sem mæla fyrir um skerðinguna að vera skýr og ótvíræð og sett með tilliti til almannahagsmuna“. Þá kemur síðar fram í álit hans að tillaga endurskoðendaráðs um sviptingu réttinda minna sé „ekki í nokkru samræmi við tilefnið“.

Úrskurður ráðherrans barst mér með bréfi dags. 20/5 2015 þar sem ekki var fallist á niðurfellingu réttinda minna. Niðurstaðan byggðist fyrst og fremst á því, að beita hefði átt 17. gr. stjórnsýslulaga – þ.e. svonefndri meðalhöfsreglu á þann veg að veita hefði átt áminningu áður en niðurfelling réttinda kæmi til álita.

Blekið var vart þornað á úrskurði ráðherrans þegar mér barst ný boðun í gæðaeftirlit dags. 2/6 2015. Í ljósi fyrri niðurstöðu dró ég hlutleysi ráðsins og hæfi þess til að fjalla aftur um málið á málefnalegan og hlutlausan hátt mjög í efa í bréfi dags. 25/6 2015 en ráðið brá við hart með bréfi dags. 21/7 2015 og gaf sjálfu sér „heilbrigðisvottorð“ í þessum efnun („Endurskoðendaráð getur ekki fallist á meint vanhæfi sitt...“). Niðurstaðan varð síðan sú, eftir nokkur bréfaskipti til viðbótar, að ráðið lagði öðru sinni, með bréfi dags. 10/6 2016, til við ráðherra, að réttindi mín yrðu felld niður.

Úrskurður ráðherrans barst mér með bréfi dags. 21/11 2016 þar sem aftur var hafnað að fella niður réttindi mín og ástæðan var enn sú sama – ekki höfðu verið virt ákvæði stjórnsýslulaga um meðalhóf, þ.e. að veita mér áminningu áður en lögð væri til svipting. Í framhaldi ritaði endurskoðendaráð bréf til ráðherra þar sem ráðið sagði honum beinlínis „til syndanna“ vegna þessarar niðurstöðu. Í bréfinu stendur m.a.: „Endurskoðendaráð harnar niðurstöðu ráðuneytisins og bendir á að 17. gr. laga um endurskoðendur gerir það ekki að skilyrði að áminning sé veitt áður en lagt er til við ráðherra að réttindi endurskoðanda verði felld niður vegna brota gegn lögunum“ og í niðurlagi bréfsins stendur: „Þá er það mat endurskoðendaráðs að niðurstaða ráðuneytisins í málinu sé andstæð lögum og alþjóðlegum skuldbindingum“. Segja má, að „eggíð“ hafi þarna tekið „hænuna“ í kennslustund.



Í millitiðinni hafði það gerst, að á aðalfundi FLE 30. október 2015 kvaddi sér hljóðs Sigurður Tómasson fyrrum formaður félagsins. Í ræðu sinni, sem hefur yfirskriftina „Einelti er ógeð“, fór hann yfir framkomu ráðsins gagnvart mér og gagnrýndi harðlega. Í framhaldi af ræðu Sigurðar ákvað ég að kæra ráðið til ráðherra fyrir einelti með bréfi dags. 18/5 2016. Ráðuneytið svaraði kærunni með bréfi dags. 19/10 2016. Í stuttu máli þá var niðurstaðan sú, að endurskoðendaráð hefði farið eftir reglum um gæðaeftirlit og að ekki væri ástæða til að grípa til aðgerða gagnvart ráðinu. Þriðja boðun í gæðaeftirlit barst mér síðan með bréfi dags. 18/5 2017 frá ráðinu og enn með orðunum „nafn yðar kom fram í úrtaki...“ osfrv. Eftir ítrekun og talsverð bréfaskipti lagði ráðið í þriðja sinn til við ráðherra, með bréfi dags. 17/11 2017, að réttindi mín yrðu felld niður. Tillagan hlaut ekki afgreiðslu ráðherra og var nú tíðindalítið í rúmt ár í þessu máli mínu.

Snemma á árinu 2018 tók ég þá ákvörðun að leggja inn réttindi mín fyrir árslok, enda fyllti ég sjö tugi ára í lok nóvember það ár. Samskiptin við ráðið og framkoma þess í tengslum við starfslok mín eru frásagnarverð. Þann 14/12 sendi ég ráðuneytinu ósk um að fá að leggja inn réttindi mín og skyldi innlögnin miðast við 31/12 2018. Mér barst bréf frá ráðinu dags. 31/1 2019 þar sem ráðið kvaðst hafa upplýsingar frá FLE um að ég hefði ekki uppfyllt kröfur til endurmenntunar fyrir árið 2018. Þessar kröfur hef ég ævinlega uppfyllt. Ég svaraði ráðinu um hæl og benti á beiðni mína um innlögn réttinda í desember 2018 og sagði m.a.: „Væri nú ekki rétt hjá endurskoðendaráði að afgreiða hlutina í rétttri röð og hafa e.t.v. í leiðinni í huga málshraðareglu stjórnsýslulaganna?“.

Þann 5/4 2019 staðfesti ráðuneytið síðan beiðni mína um innlögn réttinda. Í framhaldi þar af óskaði ég eftir afriti af umsögn endurskoðendaráðs til ráðherra um innlögnina. Í bréfi ráðsins er m.a. að finna eftirfarandi: „Eins og áður hefur komið fram hefur Guðmundur Jónsson ekki sinnt lögbundinni skyldu endurskoðenda til að stunda endurmenntun. Einnig liggur fyrir að Guðmundur hafi óskað eftir því að fá að leggja inn réttindi sín. Í ljósi beiðni um innlögn réttinda hefur endurskoðendaráð ákveðið að fylgja máli hans ekki eftir og var málinu lokað með ákvörðun ráðsins í dag“.

Þar sem hér var um bein ósannindi að ræða gat ég engan veginn sætt mig við þessi orð og kvartaði með bréfi dags. 7/5 2019 til ráðherra. Fyrir fram á, að endurskoðendaráð drægi hin ósönnu orð um endurmenntunina til baka og bæðist afsökunar á þeim. Jafnframt að ráðherra áminnti ráðið og veitti því tiltal fyrir óforsvaranleg vinnubrögð. Ráðuneytið svaraði með bréfi dags. 31/5 2019 þar sem það taldi sig ekki hafa vald til slíks. Lokaorð í bréfinu eru þessi: „Eftirlit ráðuneytisins á grundvelli laga um endurskoðendur er almenns eðlis og eru möguleikar ráðuneytisins til að hafa afskipti af meðferð einstakra mála hjá endurskoðendaráði takmörkunum háðir“.

Hér virtist komið að leiðarlokum og þó. Þann 10/9 2019 beindi ég kvörtun til Umboðsmanns Alþingis þar sem framangreindir málavextir voru reifaðir. Umboðsmaður hefur nú, með bréfi dags. 14/11 2019 ritað ráðuneytinu bréf um málið. Bréfið verður vart skilið á annan veg en þann, að hann telji að ráðuneytinu hafi borið að afgreiða fyrrnefnda kvörtun mína frá 7/5 2019 efnislega og fari fram á, að slíkt verði gert, ella muni hann gera það. Þannig stendur málið nú.

Deila þessi hefur frá upphafi, í grunninn, snúist um óvissu um lagalegt gildi hinna alþjóðlegu endurskoðunarstaðla á Íslandi. Í Morgunblaðinu 19/9 2015 var eftirfarandi eftir mér haft: „Það óskiljanlegasta af öllu í þessu máli er þó það, að ráðuneytið og aðrir sem málið varðar hafa með öllum ráðum komið sér undan því að svara efnislega þeim grundvallarspurningum sem deila þessi snýst um, þ.e. um gildi alþjóðlegu endurskoðunarstaðlanna á Íslandi“. Litlu síðar: „Ástæða þessar óvissu snýr einkum að þýðingu, skuldbindingargildi og formlegri birtingu staðlanna“.

Spurningunum verður sennilega aldrei svarað úr þessu. Ný og gjörbreytt lög um endurskoðendur hafa tekið gildi og vonandi leynast ekki í þeim álíka ágreiningsefni og hér hefur verið fjallað um.

Guðmundur Jónsson





Það er ljóst að miklar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi endurskoðenda síðastliðinn áratug og jafnvel enn meiri framundan

ÞAÐ HELSTA Í STARFSEMI FLE

Sigurður B. Arnþórsson er framkvæmdastjóri FLE

VIÐBURÐIR

Félagið stóð fyrir samtals 18 viðburðum á starfsárinu sem gáfu 46 endurmenntunareiningar. Árið á undan stóð félagið fyrir 19 atvörðum sem gáfu 49 einingar. Heildarmætingin á liðnu starfsári var um 1170 samanborið við tæplega 1200 árið áður og má því segja að starfsárin séu nánast sambærileg. Til fróðleiks kemur hér nánari greining yfir helstu atburði á liðnu starfsári.

Haldin voru fjögur morgunkorn á vettvangi félagsins. Þar var þó nokkur fjölgun á mætingu, eða um 23%. Þau korn sem vöktu mestan áhuga voru umfjöllun Stefáns Svavarssonar um meðferð hlutafjár og eigin bréfa í reikningsskilum sem og morgunkorn þar sem nýlega skipað Reikningsskilaráð fjallaði um þau mál sem það hefur verið með til umfjöllunar.

Félagið stóð að venju fyrir fjórum ráðstefnum og var heildarmætingin um 570 samanborið við 630 gesti árið áður. Það sem var þó óvenjulegt við ráðstefnuhald á liðnu starfsári var að í september 2018 var haldið til Brussel og féllu því bæði niður árlegur Reikningsskiladagur sem og námskeið daginn áður.

Mörg fræðandi og áhugaverð erindi voru flutt á þessum ráðstefnum sem verða ekki tíunduð hér en þó má sérstaklega nefna erindi frá Endurskoðendadeginum, stuttmynd og framsögu Martin Manuzi frá breska endurskoðendasambandinu sem fjallaði um siðferðileg álitaefni og heilindi í störfum endurskoðenda. Vakti myndbandið verðskuldaða athygli og mátti sjá á salnum að ýmsir höfðu upplifað sig í sambærilegum sporum.



Eitthvað skemmtilegt í gangi.





Athyglisverður endurskoðunardagur.

Síðast en ekki síst vil ég nefna líflægt erindi sem við sem sátum ráðstefnu félagsins í Brussel upplifðum en það var eitthvað sem mætti kalla „leikþáttur“ með yfirskriftinni „Creativity, You and the Future“ eða í lauslegri þýðingu – sköpunarmáttur, þú og framtíðin sem fluttur var af hinum þekkta fyrirlesara Nigel Barlow.

Á starfsárinu voru haldin átta námskeið, fræðslufundir og aðrir viðburðir og var mætingin nánast sú sama og árið áður þrátt fyrir að námskeiðin hafi verið einu færri vegna ferðar félagsmanna til Brussel. Má segja að þar hafi eitt námskeið slegið í gegn hvað varðar mætingu en tæplega eitt hundrað félagsmenn mættu á umfjöllun Signýjar og Atla Þórs um meðferð á eignarhlutategndum greiðslum (IFRS 2 og lög um ársreikninga). Var það fjölmennasta mætingin á einstaka viðburð fyrir utan ráðstefnur félagsins en að venju var Skattadagur FLE best sótti viðburðurinn en þar mættu 184.

Einnig má nefna áhugavert námskeið um þrotabú og reglur sem þar gilda og aðkomu endurskoðenda að þrotabúum eða réttara sagt aðkomuleysi. Þessu málefni var síðan fylgt eftir með bréfi til allra dómstjóra á landinu þar sem bent var á það ákvæði laga um gjaldþrotaskipti hvað varðar skipan skiptastjóra að í þeim tilfellum þar sem þörf er á skipan tveggja skiptastjóra þá sé mjög mikilvæg sú sérfræðipækning sem endurskoðendur búa yfir sem snýr m.a. að reikningshaldi og fjármálum fyrirtækja. Í slíkum tilfellum eiga héraðsdómarar því að taka það til alvarlegrar skoðunar og sjá til þess að annar af tveimur skiptastjórum sé endurskoðandi. Afrit af bréfinu var jafnframt sent á alla félagsmenn og má segja að almenn ánægja hafi ríkt með þetta frumkvæði félagsins enda eitt af megin hlutverkum þess að gæta hagsmuna endurskoðenda og styðja við starfsumhverfi þeirra.

Á Skattadegi steig meðal annarra í ræðustól nýskipaður Ríkisskattstjóri sem sagði frá hugmyndum sínum um nánara samstarf við félagið með stofnun vinnuhóps til þess að vinna með ábendingar FLE. Þegar leið á árið þá sýndi embætti hans það í verki og gerðar voru margar smáar en góðar breytingar á fjölmörgum lögum sem munu skila endurskoðendum til að mynda lengri framtalsfrest en verið hefur.

NEFNDARSTÖRF

Fastanefndir félagsins eru sex talsins, en þær eru: Álitsnefnd, Endurskoðunarnefnd, Gæðanefnd, Menntunarnefnd, Reikningsskilanefnd og Skattanefnd. Þessar nefndir eru félaginu mjög mikilvægar og veita starfsemi þess ómetanlegan faglegan stuðning.

Álitsnefndinni berast ýmis erindi árlega til skoðunar og þá aðallega frá Nefndasviði Alþingis og bar þar hæst á liðnu ári frumvarp til laga um endurskoðendur og endurskoðun og veitti nefndin ítarlega umsögn um frumvarpið sem nú er orðið að lögum. Endurskoðunarnefndin fylgist að venju með því sem er að gerast á sviði endurskoðunar og kom meðal annars að umsögn nýrra laga um endurskoðendur ásamt því að skipuleggja Endurskoðunardag félagsins. Eitt af hlutverkum Menntunarnefndarinnar er að hafa heildaryfirsýn á framboði og vali umfjöllunarefnis á ráðstefnum og námskeiðum og þá sérstaklega Hausráðstefnu félagsins. Jafnframt ber nefndinni að fylgjast með námsframboði innan háskólaumhverfisins og í því samhengi hélt nefndin meðal annars fund með svokallaðri ungliðanefnd FLE sem er stjórnskipuð nefnd á vettvangi FLE.

Að venju var hlutverk Gæðanefndarinnar að stýra framkvæmd gæðaeftirlitsins á grundvelli reglna þar um sem settar eru af Endurskoðendaráði. Jafnframt á nefndin fundi með ráðinu varðandi fyrirkomulag eftirlitsins og skipuleggur ásamt ráðinu





Frá afhendingu styrkja Náms- og Rannsóknarsjóðs FLE.

árlegt námskeið fyrir Gæðaeftirlitsmenn. Mikill tími fer í yfirferð á eftirlitsskýrslum í október og nóvember ár hvert þar sem leitast er við að gæta samræmis í niðurstöðu eftirlitsmanna og að niðurstöður séu nægjanlega rökstuddar. Að því loknu er skýrslum skilað til Endurskoðendaráðs til endanlegrar afgreiðslu. Nú liggur fyrir að í ljósi nýrra laga að hlutverk þessarar nefndar mun taka breytingum. Hvað út úr því kemur er ekki vitað en alla vega er ljóst að Gæðanefnd félagsins getur sinnt mun betur og í ríkara mæli gæðamálum almennt fyrir sína félagsmenn þegar félagið er laust við þau lagaákvæði sem gilt hafa síðastliðin tíu ár.

Reikningsskilanefndinni ber að fylgjast með þróun reikningsskilamála almennt og gæta hagsmuna okkar er kemur að reikningsskilum. Nefndin átti til dæmis fundi með Reikningsskilaráði þar sem til umræðu voru hin ýmsu reikningsskilamálefni og jafnframt átti nefndin fundi með Ársreikningaskrá RSK þar sem kynnt voru helstu áhersluatriði vegna eftirlits með ársreikningum 2018. Skattanefndin kom að skipulagningu ýmissa námskeiða sem og hins árlega Skattadags. Aðal verkefni nefndarinnar var þó þátttaka í umræðum hjá RSK varðandi framtalsskil og mögulegar breytingar á framtölum og skilafrestum.

FRAMTÍÐ FLE

Eins og okkur er öllum kunnugt þá tóku ný lög um endurskoðendur gildi í ársbyrjun 2020, sem munu hafa áhrif á störf okkar sem og á félagið sjálft. Aðdragandinn hefur verið nokkuð langur og hefur verið fjallað um þessar breytingar á vettvangi félagsins. Stjórn félagsins ákvað því lok ársins 2018 að setja á laggirnar vinnuhóp sem endurspeglar eins og kostur er samsetningu félagsmanna FLE í þeim tilgangi að horfa til framtíðar hvað varðar félagið sjálft út frá nýjum lögum.

Hópurinn skilaði af sér skýrslu síðastliðið haust sem verður leiðarljós fyrir stjórn félagsins inn í nýtt ár.

Það er ljóst að miklar breytingar hafa orðið á starfsumhverfi endurskoðenda síðastliðinn áratug og jafnvel enn meiri framundan. Þetta hefur eðli málsins samkvæmt haft breytingar í för með sér hér á landi hvað varðar landslag endurskoðunarfyrirtækja á þann veg að fyrirtæki með starfsmannafjölda á bilinu 10-30 hefur fjölgað verulega þannig að fleiri endurskoðunarfyrirtæki eiga möguleika á að taka að sér stærri og flóknari verkefni er var fyrir 15-20 árum. Þessi þróun samfara nýjum lögum gerir það að verkum að þarfir félagsmanna fyrir þjónustu, endurmenntun og hagsmunagæslu í viðum skilningi af hálfu FLE eru mjög mismunandi. Félagið mun því áfram leitast við að hafa þessi atriði að leiðarljósi í starfsemi sinni.

Síðast liðinn áratug hefur mikið verið kallað eftir trausti og hafa opinberir aðilar, fyrirtæki og sérfræðistéttir eins og endurskoðendur ekki farið varhluta af því að traust almennings sem og framangreindra aðila innbyrðis hefur minnkað. Það er því afar mikilvægt að við endurskoðendur sínum ákveðna samstöðu og því gegnir FLE ákveðnu lykil- og ábyrgðarhlutverki þar sem ætlast er til að það komi fram fyrir hönd heilrar stéttar. Í krafti samstöðu er sameiginlegum hagsmunum okkar best borgið. Við getum nefnilega öll verið sammála um það að traust er algert lykilatriði í okkar störfum, traust frá almenningi, fyrirtækjum og hinu opinbera.

Stór og mikilvægur þáttur í störfum okkar er að draga ályktun sem þarf að vera grundvölluð á áreiðanleika gagna og þeirra aðferða sem við beitum til að komast að ákveðinni niðurstöðu. Hvað sem líður aukinni tæknivæðingu með tilkomu

gervigreindar eða vélvits sem við endurskoðendur þurfum og munum tileinka okkur í náninni framtíð þá mun hún ekki koma í staðinn fyrir hinn mannlega þátt.

Traust og siðferðileg gildi eru því afar mikilvæg í störfum endurskoðenda og það á ekki síður við aukna tæknivæðingu í störfum okkar. Höfum það í huga að almenningur vill geta borið fullt traust til okkar sem sérfræðinga á okkar sviði og geta leitað til okkar með sín mál í fullum trúnaði. Við ættum því að reyna að temja okkur þá hugsun að þeir sem við störfum fyrir, hvort heldur það eru fyrirtæki eða einstaklingar, séu

skjólstæðingar okkar frekar en viðskiptavinir. Hér hefur því félag eins og okkar mikilvægu hlutverki að gegna fyrir alla sína félagsmenn, sama hvaða störfum þeir gegna út í þjóðfélaginu, á hinum almenna vinnumarkaði eða hjá endurskoðunar-fyrirtækjum og það alveg burt séð frá stærð þeirra.

Að lokum ber að þakka fráfarandi stjórn og nefndum fyrir ánægjulegt samstarf á liðnu ári og ykkur öllum félagsmenn góðir fyrir að hafa tekið þátt í þeim atburðum sem félagið hefur staðið fyrir á liðnu ári.

Sigurður B. Arnþórsson

NÝIR LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR

Í annað sinn á árinu afhendir Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið löggildingarskírteini til tíu manna hóps löggiltra endurskoðenda. Þessi hópur þreytti próf til löggildingar í endurskoðun í október 2019. Þetta er einnig í síðasta sinn sem ráðuneytið hefur með þessi leyfismál að gera því með nýjum lögum sem tóku gildi um áramót þá færast umsýslan yfir til nýskipaðs Endurskoðunarráðs. Útskriftin fór fram 18. desember. Sextán manns þreyttu prófið og tíu stóðust það, þar af þrjár konur. Við óskum hópnum til hamingju með áfangann og bjóðum velkomin í félagið. Á árinu 2019 hafa því bæst við í hóp löggiltra endurskoðenda 14 karlar og 6 konur.

Andri Elvar Guðmundsson EY
Anna Guðrún Gunnlaugsdóttir KPMG
Arnar Freyr Gíslason Deloitte
Elías Þór Sigfússon Deloitte
Elín Pálmadóttir PwC
Fríða Hrönn Elmarsdóttir BDO
Guðmundur Óli Magnússon GT, UK
Pétur Örn Björnsson KPMG
Stefán Ingi Þórisson PwC
Þór Reynir Jóhannsson PwC



Á myndinni frá vinstri eru: Elías Þór Sigfússon Deloitte, Arnar Freyr Gíslason Deloitte, Anna Guðrún Gunnlaugsdóttir KPMG, Andri Elvar Guðmundsson EY, Stefán Ingi Þórisson PwC, Elín Pálmadóttir PwC, Þór Reynir Jóhannsson PwC, Fríða Hrönn Elmarsdóttir BDO, Pétur Örn Björnsson KPMG.





HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

UM SJÁLFBÆRA ÞRÓUN – SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ ENDURSKOÐENDA

Margrét Pétursdóttir endurskoðandi, Sigurður S. Jónsson og Guðmundur Már Þórsson hjá EY

Á undanförunum árum hefur félagslegt, umhverfislegt og efnahagslegt virði sem fyrirtæki skapa fyrir hagsmunaaðila sína fengið mikla athygli í viðskiptalífinu. Þrátt fyrir að lengi hafi verið viðurkennt að samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja leiki einstakt hlutverk í að bæta velferð þjóðfélaga, þá hafa markmið um samfélagsmál ekki skilað sér nægilega vel í stefnumótun fyrirtækja. Litið hefur verið á þetta hlutverk sem óbeina afleiðingu af starfsemi þeirra og að ólíklegt sé að það muni leiða til verðmætasköpunar til lengdar¹.

Þetta hefur verið að breytast og víða um heim hafa fyrirtæki í auknu mæli verið gerð ábyrg fyrir hlutverki sínu í að skapa samfélagslegt virði. Þá eru vaxandi vísbendingar um að hagsmunaaðilar geri kröfu um að fyrirtæki taki að sér stærra hlutverk til að taka á samfélagsmálum. Á Íslandi hefur til dæmis tilskipun Evrópusambandsins 2014/95/EU um ófjárhagslegar upplýsingar verið innleidd í lög um ársreikninga nr. 3/2006. Innleiðingin er gerð til að bæta upplýsingagjöf til hagsmunaaðila



1. EPIC (Embankment project for inclusive capitalism) report

þannig að þeir geti með áreiðanlegum hætti lagt mat á „þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál“². Ófjárhagslegar upplýsingar eru sagðar gefa betri mynd af rekstri félags til lengri tíma heldur en einungis fjárhagslegar upplýsingar. Félög hafa því gefið út samþættar skýrslur sem gefa fjárfestum og öðrum hagsmunaaðilum skýrari heildarmynd af félaginu og horfum þess.

Árið 2015 voru Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (e. Sustainable Development Goals) samþykkt af aðildarríkjum samtakanna. Heimsmarkmiðin tóku yfir hlutverk þúsaldarmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, sem samþykkt voru um síðustu aldarmót og höfðu það markmið að stuðla að betri heimi fyrir alla. Þúsaldarmarkmiðin voru átta talsins og beindust aðeins að þróunarrikjum heimsins, en með Heimsmarkmiðunum hefur markmiðunum verið fjölgað og gilda þau nú fyrir öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna, sem hafa skuldbundið sig til að innleiða þau og vinna markvisst að þeim, bæði í sínum heimaríkjum sem og í öðrum löndum. Heimsmarkmiðin eru 17 en innan þeirra eru 169 undirmarkmið. Markmiðin gilda til ársins 2030.

Heimsmarkmiðin geta verið notuð sem öflugt og leiðbeinandi verkfæri til að taka á félagslegum, umhverfislegum og efnahagslegum málum sem hafa verið í brennidepli undanfarin misseri.

Í kjölfar þess að heimsmarkmiðin voru samþykkt hélt IFAC tvær vinnustofur árið 2016. Á vinnustofunum komu aðilar úr stéttinni, úr atvinnulífinu og aðilar frá Sameinuðu þjóðunum saman og ræddu um hvernig endurskoðendur um allan heim gætu sýnt samfélagslega ábyrgð og þannig tryggt árangur heimsmarkmiðanna. Ennfremur mikilvægi þess að endurskoðendur þekki sína vegferð í að miðla upplýsingum til viðskiptavina um hlutverk þeirra svo hægt sé að ná þeim. Komust þátttakendur að niðurstöðu um þau heimsmarkmið þar sem endurskoðendur í opinbera- og einkageiranum hafa mikilvægu hlutverki að gegna. Bæði hvað varðar sjálfbærni í eigin rekstri og einnig fyrir almannahagsmuni.

Í kjölfarið gaf IFAC út niðurstöðurnar í útgáfu sem ber heitið The 2030 agenda for sustainable development: a snapshot of the accountancy profession's contribution. Þessi grein byggir á þeirri útgáfu en hún er aðgengileg í heild sinni á vef IFAC.

Verkefnið að stuðla að sjálfbærni í samfélaginu er risastórt en umfjöllun IFAC var bara ætlað að vera fyrsta skrefið í ferðalaginu framundan.

Eftirfarandi eru þau 8 markmið og 19 undirmarkmið sem IFAC hefur tilgreint sem þau atriði sem við sem stétt höfum einna helst hlutverki að gegna³.

Menntun fyrir alla: felur í sér að tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að símenntun fyrir alla.

Eigi síðar en árið 2030 verði öllum konum og körlum tryggður jafn aðgangur að góðu tækni-, starfs- og framhaldsnámi, þar á meðal á háskólastigi, á viðráðanlegu verði.

Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að öll ungmenni og stór hluti fullorðinna, bæði karlar og konur, hafi náð tökum á lestri og skrift og öðlast talnaskilningi.



Ljóst er að viðeigandi og sanngjörn menntun á viðráðanlegu verði er mikilvægur þáttur í að binda enda á fátækt og stuðla að hagvexti í samfélögum. Leggja þarf sérstaka áherslu á að endurskoðendur viðhaldi faglegri þekkingu sinni og hæfni með markvissri og skilvirkri endurmenntun sem endurspeglar þá þætti sem nefndir voru hér fyrir ofan. Það er mikilvægt fyrir stéttina að finna nýjar leiðir til að vekja áhuga einstaklinga á faginu og að tekin verði mikilvæg skref í að fjarlægja þær fyrirstöður sem leiða til ójafna kynjahlutfalla í stéttinni.

2. <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2006003.html>

3. The 2030 agenda for sustainable development: a snapshot of the accountancy profession's contribution





Jafnrétti kynjanna: felur í sér að tryggja jafnrétti kynjanna og styrkja frumkvæðisrétt allra kvenna og stúlka.

Tryggð verði virk þátttaka kvenna og jöfn tækifæri þeirra til að vera leiðandi við ákvarðanatöku á öllum sviðum stjórns- og efnahagsmála sem og á opinberum vettvangi.

Fjölbreytt starfsstétt er öflugri starfsstétt. Þannig þurfum við að stuðla að jafnari kynjahlutföllum í endurskoðun, fjármálum og stjórnunarstöðum félaga.

Í mörgum löndum hefur tekist vel að fá konur til starfa í greininni og jafna þar með kynjahlutföll starfsmanna en verr gengur að jafna hlutföllin í stjórnunarstöðum bæði í atvinnulífinu og eins hjá endurskoðunarfyrirtækjunum. Til að mynda skipa konur rúmlega helming allra starfa hjá endurskoðunarfyrirtækjum í Bandaríkjunum en aðeins 21% af meðeigendum félaganna eru konur. Til að ná þessu markmiði þurfa félög að fagna fjölbreytileikanum, einkum hvað varðar kyn, þar sem það hefur í mörgum tilvikum sýnt sig að það hefur skilað sér í skilvirkari og árangursríkari rekstri félaga.



Góð atvinna og hagvöxtur: fjallar um að markmið um góða atvinnu og hagvöxt stuðli að viðvarandi sjálfbærum hagvexti, arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla.

Haldið verði við hagvexti á hvern einstakling í samræmi við aðstæður í hverju landi og að minnsta kosti 7% vexti vergrar landsframleiðslu á ári í þeim þróunarlöndum sem eru skemmst á veg komin.

Unnið verði að framgangi þróunarmiðaðra stefnumála sem styðja við afkastamikla framleiðslustarfsemi, frumkvöðlastarfsemi, sköpunarmátt og nýsköpun og fjölga mannsæmandi störfum. Lítil og meðalstór fyrirtæki fái meðbyr, meðal annars með aðgengi að fjármálaþjónustu.

Hagvöxtur hefur margvísleg áhrif á heimsmarkmiðin og má þar helst nefna minnkun fátæktar. Þetta heimsmarkmið undirstrikar tvö mismunandi en tengd atriði sem krefjast athygli endurskoðenda. Í fyrsta lagi er þörf fyrir að endurskoðendur beiti sérfræðiþekkingu og færni sinni til að hlúa að öflugri og ábyrgari skipulagsheildum. Það getum við gert með því að gera okkar besta til þess að allar ákvarðanir sem eru teknar hjá þeim byggi á áreiðanlegum upplýsingum og að bæði skammtíma og langtíma efnahagslegar, félagslegar og umhverfislegar afleiðingar af ákvörðunum séu teknar með inn í reikninginn. Í öðrum, og víðari skilningi, er framlag stéttarinnar til meiri velmegunar og bættra lífskjara. En áhrif endurskoðenda á betri upplýsingar, skýrslur, mælikvarða og ákvörðunartöku skipulagsheilda eru beintengd bættum líf skjörum, heilsu, vellíðan og velmegun þjóða og þegna þeirra.



Nýsköpun og uppbygging: felur í sér að byggja upp sterka innviði, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu fyrir alla og hlúa að nýsköpun.

Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og atvinnugreinar endurskipulagðar til að gera þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og í auknum mæli innleiði hvert og eitt land tækni og umhverfisvæna verkferla eftir getu.

Stuðlað verði að sjálfbærri uppbyggingu innviða í þróunarlöndum með sveigjanleika að viðmiði, auknum fjárhagsstuðningi og tæknilegum stuðningi við Afríkuríki, þróunarlönd sem eru á skemmst á veg komin, landlukt þróunarlönd og þróunarlönd sem eru smáeyríki.

Hágæða hagrænis innviðir renna stoðum undir aukin efnahagsumsvif, bæði innan sem utan landamæra þjóða. Þeir eru ein mikilvægasta vogarstöngin sem býðst til að styðja fyrirtæki í að fara í þær fjárfestingar sem knýja sjálfbæran vöxt. Forsendur iðnvæðingar eru nýsköpun og tækniuppbyggingu. Það er því mikilvægt að við séum vakandi fyrir spennandi fjárfestingatækifærum í nýrri tækni og innviðum sem stuðla að sjálfbærri þróun. Starfsmenn endurskoðunarfyrirtækja eru í lykilstöðu til þess að hafa jákvæð áhrif á nýsköpun og uppbyggingu samfélaga með því að bera kennsl á og meta þessi tækifæri fyrir félög og stofnanir.

Ábyrg neysla og framleiðsla: felur í sér að tryggja sjálfbæra neyslu og framleiðslumynstur.

Fyrirtæki, einkum stór og alþjóðleg fyrirtæki, verði hvött til þess að innleiða sjálfbæra þróun í starfsemi sína og veita upplýsingar um sjálfbærni í skýrslum sem gefnar eru út á þeirra vegum.

Þetta markmið er sérstaklega viðeigandi fyrir stéttina. Innleiðing sjálfbærni í starf og stjórnunarhætti félaga er lykilatriði fyrir þau til að ná mikilvægustu tækifærunum sem bjóðast vegna heimsmarkmiðanna og draga úr áhættu. Félög þurfa að grípa öll þau tækifæri sem bjóðast vegna heimsmarkmiðanna og er besta leiðin til þess að líta á þau sem hluta af grunnstoðum þeirra. Endurskoðendur þurfa því í hefðbundnum störfum sínum að vinna að því að ná sem mestu út úr vinnuferlum og draga úr soun. Einnig þurfa endurskoðendur að vera vakandi fyrir nýsköpun og tækniþróunum, til að tryggja að þeir styðji við þróun ferla sem eru arðbærir og stuðli þannig beint eða óbeint að Heimsmarkmiðunum um sjálfbæra þróun.



Aðgerðir í loftslagsmálum: Grípa þarf til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.

Auka viðbragðsáætlanir og forvarnir við vá af völdum loftslagsbreytinga og náttúruhamfara alls staðar í heiminum.

Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótun og skipulagi.

Menntun verði aukin til að vekja fólk til meðvitundar um hvernig mannauður og stofnanir geta haft áhrif og brugðist við loftslagsbreytingu, þar á meðal með snemmbúnum viðbúnaði og viðvörum.

Með markmiðinu er áherslan sett á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda ásamt því að lönd efli viðnámsþol og aðlögunargetu sína til að bregðast við afleiðingum loftslagsbreytinga. Innri endurskoðendur og aðrir starfsmenn á fjármálasviðum félaga ættu að leggja sitt að mörkum að ná markmiðinu með því að hvetja sín félög til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á þeirra eigin forsendum og sýna þar með frumkvæði og ábyrgð gagnvart umhverfinu og samfélaginu. Þá ber endurskoðendum að stuðla að því að markmið félaga í loftslagsmálum séu skýr, viðráðanleg og að hægt verði að meta árangur og framfarir þeirra með áreiðanlegum hætti.



Friður og réttlæti: byggir á því að stuðla að friðsælum og sjálfbærum samfélögum fyrir alla, tryggja jafnan aðgang að réttarkerfi og koma á fót skilvirkum og ábyrgum stofnunum fyrir alla á öllum stigum.

Dregið verði verulega úr hvers kyns spillingu og mútum.

Byggðar verði upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir á öllum sviðum sem hafa gegnsæi að leiðarljósi.

Markmið 16 hefur verið skilgreint sem „markmið fólksins“, þar sem fjárvik og spilling hindrar viðskipti, dregur úr samkeppni, beinir auðlindum frá þeim sem þær þurfa, dregur úr fjárfestingu hins opinbera og aftrar erlendra fjárfestingu. Markmið um sjálfbæra þróun eru gagnslaus í umhverfi þar sem spilling og slæmir stjórnarhættir viðhafast. Þannig geta endurskoðendur verið leiðandi ljós



í baráttu gegn fjársvikum og spillingu, með því að sýna fagmannleg og siðferðisleg vinnubrögð m.a. með því að fara eftir siðareglum fyrir endurskoðendur og stuðla þannig að menningu og umhverfi fyrir siðferðislega hegðun. Þá þurfum við, endurskoðendur, að vera talsmenn fyrir góðum stjórnarháttum og lagasetningu sem byggir á gegnsæi.



Samvinna um markmiðin: byggir á því að samvinna um markmiðin snúist um að styrkja framkvæmd og blása lífi í alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun.

Úrræði heimamanna verði styrkt, meðal annars með alþjóðlegum stuðningi við þróunarlönd, til að bæta skattkerfið og aðra tekjuöflun.

Kallað verði eftir viðbótarfjármagni hvaðanæva að til handa þróunarlöndum.

Efldur verði alþjóðlegur stuðningur við þróunarlönd til að ýta úr vör skilvirkri og hnitmiðaðri uppbyggingu með hliðsjón af landsáætlunum sem fela í sér sjálfbær þróunarmarkmið, þ.m.t. samstarf milli svæða í norðri og suðri, innan suðursvæða og þríhliða samstarf.

Auka efnahagslegan stöðugleika um allan heim, meðal annars með samræmdri stefnumörkun.

Bæta samræmda stefnu varðandi sjálfbæra þróun.

Alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun verði aukið með stuðningi fjölda hagsmunaaðila, sem miðla af þekkingu sinni og sérfræðikunnáttu, veita tæknilegar úrlausnir og fjármagn, í því skyni að ná fram þróunarmarkmiðunum um sjálfbærni í öllum löndum, einkum þróunarlöndunum.

Heimsmarkmiðin munu ekki nást nema atvinnulífið styðji við samvinnu aðila til að takast á við þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir. Samvinnan getur verið þvert yfir virðiskeðjuna, innan atvinnugreinar, með stjórnvöldum eða öðrum samtökum. Endurskoðendastéttin, ásamt stjórnvöldum og skattgreiðendum, gegna þar mikilvægu hlutverki við að betrumbæta tekjuöflun á landsvísu, koma í veg fyrir undanskot frá skatti og ólöglegt sjóðstreymi.

Öll 17 heimsmarkmiðin tengjast innbyrðis. Þegar unnið er að einu markmiði þá hefur það keðjuverkandi áhrif á önnur markmið. Aðalinntak heimsmarkmiðanna er að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir. Meginatriði markmiðanna er að útrýma fátækt í allri sinni mynd, tryggja öllum mannréttindi, stuðla að friði um allan heim og þar með auka frelsi fólks.

Ljóst er að endurskoðendur hafa mikilvægu hlutverki að gegna í heimsmarkmiðunum og mun meira heldur en flest okkar gera sér grein fyrir. Mikilvægt er að við í stéttinni séum vakandi fyrir öllu sem við getum gert til að vinna að markmiðunum, bæði hvað varðar okkar eigin vinnustaði og einnig með því að aðstoða viðskiptavinum okkar. Eitt er að vinna í samræmi við markmiðin, annað að segja frá því hvaða árangur hefur náðst og/eða veita öðrum aðstoð við frásögnina og hið þriðja að veita óháða staðfestingu á upplýsingagjöf fyrirtækja til markaðarins um hvernig þau vinna að markmiðunum en sá akur er alveg óplægður hér á landi.



Full þörf er á að innleiða stafrænt eftirlitsferli með ársreikningum en eins og staðan er núna yfirfara starfsmenn embættisins einungis örlítið brot af þeim ársreikningum sem skilað er inn

RANNSÓKN Á GÆÐUM ÍSLENSKRA ÁRSREIKNINGA

ER Í LAGI MEÐ ÞÁ?

Árni Claessen, endurskoðandi hjá KPMG

INNGANGUR

Á undanförnum árum hefur af og til sprottið fram gagnrýni á gæði og síðbúin skil ársreikninga íslenskra fyrirtækja. Þrátt fyrir það hefur lítið verið um rannsóknir eða greiningar á gæðum íslenskra ársreikninga til að byggja undir umræðuna. Einn hluti af stærri rannsókn sem ég hef unnið að við Háskólann í Reykjavík er að fylla aðeins upp í þetta tómarúm og skoða hversu vel ársreikningar fylgja skýringarkröfum ársreikningalaga. Gerðar hafa verið fjölmargar erlendar rannsóknir á fylgni ársreikninga við skýringarkröfur sem ég hef haft til hliðsjónar við mína rannsókn. Þessar rannsóknir eiga það flestar sameiginlegt að kanna hversu vel ársreikningar skráðra félaga fylgja alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS). Niðurstöður þeirra rannsókna hafa sýnt að meðaltali 72% - 96% fylgni við skýringarákvæði IFRS í heild sinni eða einstaka staðla (Glaum and Street, 2003; Popova et al., 2013; Glaum et

al., 2014). Mín rannsókn beinist hins vegar að ársreikningum óskráðra félaga sem gera ársreikninga í samræmi við ársreikningalögin. Þrátt fyrir talsverða leit hef ég ekki fundið sambærilega erlenda rannsókn með áherslu á óskráð félög sem gera upp í samræmi við staðbundin ársreikningalög. Þetta er því að ég best veit fyrsta rannsóknin þar sem skoðuð er fylgni við ársreikningalögin þar sem lítil og meðalstór félög eru með í úrtakinu. Það verður að teljast nokkuð áhugavert enda flokkast 99% fyrirtækja á Evrópska efnahagssvæðinu undir það að vera lítil eða meðalstór.

Í rannsókninni er ekki einungis skoðuð fylgni við skýringarkröfur heldur einnig tengsl ýmissa þátta við fylgnina. Dæmi um það eru t.d. hvaða áhrif stærð fyrirtækis, áritunardagur, endurskoðun, fjárhagsstaða o.s.frv. hefur á fylgni við skýringarkröfur. Tilgangurinn með rannsókninni er því að varpa



ljósi á fylgni við lögbundnar skýringarkröfur ársreikninga-laganna, skilja hvaða þættir hafa áhrif á fylgnina og hvar helst er þörf á úrbótum í upplýsingagjöf. Hér á eftir verður stiklað á stóru um framkvæmd og helstu niðurstöður rannsóknarinnar.

RANNSÓKNIN Í HNOTSKURN

Við val á úrtaki ársreikninga í rannsóknina var byggt á lista Frjálsrar Verslunar yfir 300 stærstu fyrirtækin á Íslandi. Talsverð vinna er fólgin í yfirferð yfir hvern ársreikning og úrtakinu því nokkur takmörk sett. Í heild lentu 84 ársreikningar í lokaúrtakinu en úrtaksstærðir sambærilegra rannsókna hafa verið á bilinu 35 – 350 ársreikningar. Eingöngu var um að ræða félög sem gera ársreikninga í samræmi við íslensku ársreikningalögin og þá voru fjármálafyrirtæki undanskilin. Félögin í úrtakinu voru af öllum stærðum og gerðum en í töflu 1 má sjá nokkrar lykilbreytur sem notaðar voru í rannsókninni.

Tafla 1 Félög í úrtaki - nokkrar lykilstærðir			
	Fjöldi	Meðaltal	Min
Eignir í millj.kr.	10.420	41	203.973
Eiginfjárlutfall	38%	-75%	91%
Aldur fyrirtækis (ár)	26	2	54
Fjöldi daga frá lokum reikningsárs til undirritunar ársreiknings	128	20	363

Við greiningu á hversu vel félögin fylgdu skýringarkröfum ársreikningalaganna var útbúinn gátlisti um þau atriði sem þurfa að koma fram í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Við gerð gátlistans var lögð áhersla á að innifela eingöngu atriði sem utanaðkomandi aðili gat staðfest að væru til staðar. Gátlistinn innihélt 60 atriði en við lokagreiningu á niðurstöðum var sleppt atriðum sem áttu við 10 fyrirtæki eða færri. Greining á niðurstöðum byggði því á 44 atriðum sem lögbundið er að komi fram í skýringum með ársreikningum. Stærsta áskorunin við yfirferð á skýringum var að meta hvort skýringar vantaði því þær áttu ekki við eða hvort um væri að ræða upplýsingar sem raunverulega vantaði. Þeirri almennu reglu var beitt við yfirferðina að ef upp kom vafamál vegna tiltekinna atriða var félagið látið njóta vafans.

Helstu niðurstöður

Í töflu 2 má finna yfirlit yfir heildarniðurstöður rannsóknarinnar. Meðaltalsfylgni allra ársreikninga í úrtakinu var 75%. Félagið sem skoraði hæst var með 97% fylgni en lægst var fylgnin 21%. Það kemur ekki á óvart að það eru sterk tengsl á milli stærðar fyrirtækis og fylgni við skýringarkröfurnar. Meðaltalsfylgni félaga með veltu yfir 9 milljarða er t.d. 84%. Sú fylgni er að mestu í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna fyrir sambærileg félög. Það fundust líka tengsl á milli fylgni við skýringarkröfur og áritunardags þar sem fylgnin var minni eftir því sem félög skiluðu seinna inn ársreikningi. Endurskoðun skiptir líka verulega máli enda var fylgni félaga

sem skiluðu endurskoðuðum ársreikningi 81% samanborið við 59% fylgni þeirra félaga sem voru óendurskoðuð. Ekki komu fram tengsl annarra þátta sem skoðaðir voru við skýringarkröfurnar s.s. aldur fyrirtækis, atvinnugrein eða fjárhagsstaða.

Tafla 2 Heildarniðurstöður				
	Fjöldi	Meðaltal	Min	Max
Fylgni úrtaksins	84	75	22	97

Ýmiss samanburður á fylgni

	Fjöldi	Meðaltal	Min	Max
Stærð - Eignir > 9 milljarð. kr.	21	84*	72	97
Stærð - Eignir < 300 millj.kr.	21	63	22	89

Endurskoðaðir ársreikningar	61	81*	60	97
Óendurskoðaðir ársreikningar	23	59	22	89

Aldur fyrirtækis > 15 ár	22	80	22	96
Aldur fyrirtækis < 40 ár	21	81	65	97

Eiginfjárlutfall > 60%	21	74	42	90
Eiginfjárlutfall < 60%	21	74	22	96

Áritunardagur - fyrir 15. mars	22	80*	63	96
Áritunardagur - eftir 15. júní	21	67	22	97

* Tölfræðilega marktækur munur á fylgni

Á þeim tíma sem rannsóknin nær til var félögum heimilt að skila inn samandregnum ársreikningum. Við yfirferð ársreikninganna var gátlisti vegna þeirra félaga aðlagður til að endurspegla minni skýringarkröfur. Fylgni samandreginna ársreikninga var 65% samanborið við 81% hjá félögunum sem skiluðu fullbúnum ársreikningum. Þessum niðurstöðum var fylgt eftir og ársreikningar sömu félaga skoðaðir eftir að heimild til að skila inn samandregnum ársreikningum var felld úr gildi (Rakel Ingvarsdóttir, 2019). Í ljós kom að fylgni sömu félaga var orðin 80% og því vísbendingar um að umtalsverðar framfarir hafi orðið á skýringum þeirra félaga sem áður skiluðu inn samandregnum ársreikningum. Skýringuna á bættri fylgni má að einhverju leyti rekja til þess að hlutfall endurskoðaðra ársreikninga í þessum hópi fyrirtækja fjölgaði úr 37% í 57%. Þessar niðurstöður undirstrika enn frekar mikilvægi á aðkomu endurskoðenda og endurskoðunar við að tryggja gæði ársreikninga. Hér spilar líka inn í eftirlitshlutverk ársreikningaskrár sem hefur undanfarin ár hert eftirlit sitt með ársreikningum, t.d. með því að hafna fleiri óendurskoðuðum ársreikningum þeirra félaga sem eru endurskoðunarskyld.



Í töflu 3 má finna niðurstöður fyrir fylgni við einstaka kafla ársreikningalaganna hjá félögum í úrtakinu. Fylgnin var lókust við skýringarkröfur um tengda aðila (48%), eignarhluti í öðrum félögum (51%) og lán, veðsetningar og aðrar skuldbindingar (52%).

Tafla 3 Sundurliðun á fylgni við einstaka kafla

	Fjöldi atriða	Fylgni
1. Upplýsingar í skýrslu stjórnar	9	74
2. Fastafjármunir og veltufjármunir	8	90
3. Eignarhluti í öðrum félögum	2	51
4. Eigið fé og eigin hlutir	2	98
5. Lán, veðsetningar og aðrar skuldbindingar	3	52
6. Tekjuskattur	3	85
7. Tengdir aðilar	3	48
8. Samstæðureikningsskil	5	83
9. Laun	3	76
10. Sjóðstreymisýfirlit	5	81
11. Önnur atriði	1	100

LOKAORÐ

Eins og fram kemur í inngangi þá hef ég ekki fundið sambærilega erlenda rannsókn fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki til að nota við samanburð á niðurstöðum þessarar rannsóknar. Fylgni stærri félaga við skýringarkröfurnar (84%) er þó nokkuð í samræmi við erlendar rannsóknir sem hafa sýnt að meðaltali 72%-94% fylgni skráðra félaga við IFRS. Það er þó ljóst að lítil

fylgni smárra félaga (63%) og óendurskoðaðra félaga (59%) við skýringarkröfur ársreikningalaganna sýna að þar eru umtalsverð tækifæri til úrbóta.

Lítill fylgni smærri félaganna ætti þó ekki alveg að koma á óvart enda þau félög almennt í eigu fárra hluthafa og ekki krafa frá fjárfestum eða markaðsaðilum varðandi upplýsingagjöf í ársreikningum. Hluthafar og lánveitendur þessara félaga hafa flestir greiðan aðgang að innanhúss upplýsingum og stjórnendur virðast því að mestu halda sig við lágmarksupplýsingagjöf í ársreikningum t.d. af samkeppnissjónarmiðum. Það eru hins vegar aðrir mikilvægir notendur ársreikninga sem reiða sig á upplýsingar í ársreikningum svo sem birgjar, viðskiptavinir, samkeppnisaðilar, skattayfirvöld o.s.frv.

Gegnsæi í ársreikningum er mikilvægt og það eru hagsmunir okkar allra að tryggja sem best að skýringarkröfum ársreikningalaganna sé fullnægt. Þá vekja þessar niðurstöður upp spurningar um hvort ekki sé þörf á að efla enn frekar eftirlit ársreikningaskrár sem hefur takmörkuð úrræði til að hafa eftirlit með þeim u.þ.b. 40 þús. ársreikningum sem skilað er á hverju ári.

Full þörf er á að innleiða stafrænt eftirlitsferli með ársreikningum en eins og staðan er núna yfirfara starfsmenn embættisins einungis örlítið brot af þeim ársreikningum sem skilað er inn. Það er þó ánægjulegt að sjá vísbendingar um að fylgni og gegnsæi í íslenskum ársreikningum sé að aukast. En betur má ef duga skal og mikilvægt er að við endurskoðendur leggjum okkar af mörkum með ítarlegri og vandaðri yfirferð yfir ársreikninga áður en þeim er skilað til ársreikningaskrár.

Árni Claessen

HEIMILDASKRÁ

Glaum, M., & Street, D. L. (2003). Compliance with the disclosure requirements of Germany's new market: IAS versus US GAAP. *Journal of International Financial Management & Accounting*, 14(1), 64-100.

Popova, T. T., Georgakopoulos, G., Sotiropoulos, I., & Vasileiou, K. Z. (2013). Mandatory disclosure and its impact on the company value. *International business research*, 6(5), 1

Glaum, M., Schmidt, P., Street, D. L., & Vogel, S. (2014). Compliance with IFRS 3-and IAS 36-required disclosures across 17 European countries: company-and country-level determinants. *Accounting and business research*, 43(3), 163-204.

Rakel Ingvarsdóttir (2019). *Gæði upplýsinga í ársreikningum íslenskra fyrirtækja*. BS Ritgerð við Háskólann í Reykjavík.



TIL HAMINGJU MEÐ AFMÆLIÐ - ÁRIÐ 2020

Nafn endurskoðenda	Lífaldur	Fæðingard.
Arnar Freyr Gíslason	30	05/10/90
Hörður Freyr Valbjörnsson	30	31/01/90
Birna María Sigurðardóttir	40	23/09/80
Björn Óli Guðmundsson	40	04/06/80
Emil Viðar Eypórsson	40	30/04/80
Friðrik Einarsson	40	28/10/67
Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir	40	30/09/80
Gunnar Snorri Þorvarðarson	40	03/12/80
Helga Harðardóttir	40	06/01/80
Helgi Einar Karlsson	40	22/11/80
Hrund Hauksdóttir	40	04/09/80
Jón Arnar Óskarsson	40	11/05/80
Jón Sturla Jónsson	40	14/02/80
Kristbjörn Hrólfur Gunnarsson	40	09/07/80
Kristján Daðason	40	19/06/80
Andrés Einar Hilmarsson	50	05/08/70
Anna Birgitta Geirfinnsdóttir	50	01/01/70
Birna Mjöll Rannversdóttir	50	29/08/70
Eggert Þórarinn Teitsson	50	19/04/70
Egill Helgason	50	05/07/70
Elías Óskar Illugason	50	17/10/70
Gísli Jóhannsson	50	24/06/70
Halldór Arnarson	50	30/07/70
Heimir Þorsteinsson	50	20/06/70
Hrafnhildur Helgadóttir	50	26/04/70
Íris Ólafsdóttir	50	30/10/70
Jónas Gestur Jónasson	50	23/04/70
Kristinn Bjarnason	50	05/08/70
Magnús Kr. Ingason	50	15/10/70

Nafn endurskoðenda	Lífaldur	Fæðingard.
Sif Einarsdóttir	50	21/11/70
Þorgerður Marinósdóttir	50	08/08/70
Anna Þórðardóttir	60	21/09/60
Birkir Leósson	60	17/04/60
Gunnar M. Erlingsson	60	03/04/60
H. Ágúst Jóhannesson	60	21/02/60
Ingólfur Hauksson	60	04/06/60
Kristján Eggert Jónasson	60	19/12/60
Rögnvaldur Dofri Pétursson	60	24/05/60
Björn St. Haraldsson	70	27/09/50
Jón Þ. Hilmarsson	70	21/12/50
Sigurður Hafsteinn Pálsson	70	16/02/50
Bjarni Jónsson	75	25/02/45
Emil Th. Guðjónsson	75	07/01/45
Eyjólfur Brynjólfsson	75	18/12/45
Garðar Valdimarsson	75	19/08/45
Guðmundur M. Magnason	75	13/12/45
Reynir Kristjánsson Astrup	75	24/09/45
Símon Kjærnested	75	18/02/45
Sævar Þór Sigurgeirsson	75	24/04/45
Þorvaldur Þorvaldsson	75	12/06/45
Birgir Ólafsson	80	10/11/40
Guðni S. Guðafsson	80	01/03/40
Þór Oddgeirsson	80	07/05/40
Þráinn S. Sigurjónsson	80	13/10/40
Sigurður Tómasson	85	29/10/35
Sveinn Jónsson	85	18/12/35
Guðjón Eyjólfsson	90	23/06/30



ÚR FÉLAGSLÍFINU



Vinnustofa á Haustráðstefnu



Guðbjörg fjallar um þrotabú



Áslaug með vinnustofu á Haustráðstefnunni



Gleðistund – mikil keppni í gangi



Fjölmenni á Skattadegi



Unnar með námskeið um ársreikninga



Atli í góðum gir



Námskeið í gangi



DAGUR	VIÐBURÐUR	STAÐUR	FORM	EFNI	EININGAR
16. jan.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Skilnaður – búskipti	3
17. jan	Skattadagur	Grand hótél	Ráðstefna	Skattamál	4
5. feb.	Hádegisfundur	Grand hótél	Fyrirlestur	Prófnefnd og nýir löggiltir	0.5
20. feb.	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Óákveðið	2
19. mars	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið - vinnustofa	Óákveðið	2
21. apríl	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið-vinnustofa	Óákveðið	2
14. maí	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Reikningsskil	3
15. apríl	Endurskoðunardagur	Grand hótél	Ráðstefna	Endurskoðun	4
26. maí	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Að taka löggildingarpróf	
4. sept.	Gleðistund	Grand hótél	Kynning	Óákveðið	
8. sept.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Löggildingarpróf - yfirferð	5
17. sept.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Endurskoðun	3
18. sept.	Reikningsskiladagur	Grand hótél	Ráðstefna	Reikningsskil	4
29. okt.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Óákveðið	3
30. okt.	Haustráðstefna	Hilton Reykjavík Nordica	Ráðstefna- vinnustofur	Fjölbreytt	5
30. okt.	Aðalfundur	Hilton Reykjavík Nordica	Félagsfundur	Innri mál FLE	1
19. nóv.	Morgunkorn	Grand hótél	Námskeið- vinnustofa	Óákveðið	2
8. des.	Námskeið	Grand hótél	Námskeið	Skattamál	3

FLE stefnir að því að bjóða upp á a.m.k. 46 endurmenntunareiningar árið 2020.

Yfirlitið er birt með fyrirvara um breytingar. Vinsamlegast fylgist með upplýsingum um efnið á www.fle.is